Grundaskóli
Akranesi





# PÚLSINN



**SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA**
1. tbl. - 26. árg. - Október 2021

# Kveðja frá skólastjóra

Skólaárið 2020-2021 hefur verið viðburðaríkt. Við höfum glímt við margvísleg vandamál tengd heimsflensu og skemmdum á húsnæði. Þrátt fyrir öll þessi erfiðu verkefni hefur skólastarfið blómstrað og skólasamfélagið sýnt ótrúlegan styrk og samkennd. Fjölmennur og öflugur starfsmannahópur hefur leitast við að skapa gott skólastarf í öllum árgöngum. Í góðri samvinnu við foreldra og nemendur reynum við að byggja upp góðan skóla.

En hvað er annars góður skóli? Hvað einkennir öflugt skólastarf? Er góður skóli bara glæsileg og vel búin bygging? Er hann þróttmikill nemendahópur? Er lykill að farsæld að hafa fjölbreytt skólasamfélag? Hvað skiptir mestu í skólastarfi? Er lykill að framförum fólgin í að huga vel að lýðræðislegri umræðu og styðja við þróunar- og sköpunarstarf?

Allar þessar spurningar eru verðugt umhugsunarefni fyrir okkur öll. Að mínu mat er skóli allt þetta, en í eðli sínu er hann þó fyrst og fremst ræktunarstarf. Það hvernig fólk hlúir að ungmennum og kemur þeim til þroska, er mælikvarði á hvar gott er að vera, hvar gott er að búa. Á góðum heimilum, í góðum Grundaskóla, í góðu sveitarfélagi á Akranesi, ríkir áhugi, þekking og vilji til að leggja sérstaka rækt við börnin okkar. Þetta ræktunarstarf stundum við best með góðu og miklu samstarfi heimila, skóla og fræðsluyfirvalda.



Erfiðleikar samfara heimsflensu og húsnæðishrakningum reyna víða á bæði hjá börnum og fullorðnum. Ég vil minna á að styrkleiki okkar og samkennd er leið okkar út úr þeim vanda. Það er ekki að ástæðulausu sem yfirvöld leggja svo mikla áherslu á að skólar haldi úti sem mest óskertri starfsemi þrátt fyrir faraldur í samfélaginu. Ástæðan er að skólar eru hluti af grunnstoðum samfélagsins okkar og á þessum grunnstoðum byggir allt annað starf.

Í þeim fordæmalausu aðstæðum sem nú hafa verið uppi verður skólafólk vart við að ekki búa öll börn við jafn góðar aðstæður. Nú reynir víða á að eiga traustan vin. Allir samborgarar okkar eiga sama rétt óháð félagslegri stöðu og það mun reynast okkur dýrmætt að koma alltaf fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur sjálf. *Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt* sagði Einar Benediktsson í hinu stórkostlega ljóði sínu *Einræður Starkaðar*.

Vinátta og félagsleg tengsl eru mikilvægur þáttur í daglegu lífi barna og unglinga, sem þurfa leiðbeiningar og stuðning hinna fullorðnu í kringum sig til að viðhalda góðri og heilbrigðri vináttu. Jákvætt viðhorf og virðing í samfélaginu ýtir undir að fólk tali saman og leysi úr málum ef hnökrar verða í samskiptum. Foreldrar og skólafólk gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi. Þeir þurfa að taka þátt í að skapa jákvætt andrúmsloft í hópi barna þar sem byggt er á virðingu og viðurkenningu einstaklingsins og réttinum til að vera öðruvísi. Sameiginleg ábyrgð foreldra snýr að því að öllum börnum geti liðið vel og séu örugg.

Framundan er betri tíð þar sem margvíslegir erfiðleikar verða að baki. Grundaskóli mun koma sterkur út úr erfiðum tíma og innan skamms verður búið að endurbyggja skólahúsnæðið og skólastarfið mun dafna og blómstra. Við sem hér störfum erum staðráðin í því að breyta erfiðum aðstæðum í sóknarfæri þannig að eftir örfáa mánuði munum við ekki bara eiga góðan skóla heldur einnig einn þann fallegasta með framúrskarandi búnaði. Ég skora á alla aðila skólasamfélagsins að halda áfram að vinna vel saman og standa þétt á bakvið öflugt og skapandi skólastarf. Grundaskóli er OKKAR allra.

*Sigurður Arnar Sigurðsson.*




PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***

Sigurður Arnar Sigurðsson

Grundaskóli
Akranesi

**Heimasíða Grundaskóla:**

www.grundaskoli.is

**Netfang Grundaskóla:**

grundaskoli@grundaskoli.is


PÚLSINN

# Fréttir af 1. bekk

## 1. bekkur

Í haust hófu 68 hressir og skemmtilegir krakkar skólagöngu sína í 1. bekk. Síðan þá höfum við brallað margt saman og lært mikið í leik og starfi. Við höfum lært vel á skólaumhverfið og eignast marga nýja vini. Þó reyndi mikið á okkur í vetur þar sem bæði covid hafði mikil áhrif á skólastarfið í heild og svo flutningar okkar yfir á miðstig vegna slakra loftgæða á yngsta stigi. Þessar breytingar hafa að mörgu leyti verið jákvæðar og styrkt okkur sem hóp og sýnt hvers við erum megnug að aðlagast breyttu umhverfi og starfsháttum.

Í vetur höfum við lagt áherslu á þemavinnu og byrjendalæsi og staðið okkur vel í að læra að lesa og skrifa. Þemun sem við höfum unnið með eru m.a. tröll, skrímsli, víkingar, Guttavísur og fleira skemmtilegt. Við förum tvisvar sinnum í viku í list- og verkgreinar þar sem við höfum lært að teikna, smíða, syngja, dansa, sauma og það að vera góður vinur. Einnig finnst okkur sérlega gaman að fara í heimilisfræði til hennar Dódóar. Í byrjun sumars, eftir sumardaginn fyrsta byrjuðum við í skólasundi. Það fannst okkur virkilega spennandi. Það verður spennandi að byrja í 2. bekk næsta haust og sjá hvað skólastarfið mun bjóða okkur upp á þá.

*Kveðja, 1. bekkur.*













# Mílan

Í maí ákvað 2. bekkur að fara daglega út að ganga, skokka eða hlaupa um 1-1,5 km. Við ákváðum að nýta nærumhverfið okkar og fundum tvær gönguleiðir, önnur er 1 km og hin um 1,5 km. Við köllum þetta verkefni Míluna. Mílan er verkefni að skoskri fyrirmynd sem heitir *The Daily Mile*. Um 5000 skólar víðs vegar um heiminn eru þátttakendur í verkefninu. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikinn ávinning fyrir alla með þessari einföldu leið. Má þar nefna betri líðan, aukið sjálfstraust, betri einbeitingu, betri samskipti, minni streitu og kvíða og aukna þrautseigju. Auk þess er þetta öflug leið til að bregðast við offitu og kyrrsetu.

Þetta verkefni gekk mjög vel og virðast börnin hafa haft gaman af. Í upphafi dags var iðulega spurt hvenær Mílan væri á dagskrá yfir daginn. Við í 2. bekk getum vel hugsað okkur að halda þessu verkefni áfram næsta vetur og reyna að fá fleiri árganga með í verkefnið.

## 2. bekkur













# 3. bekkur á faraldsfæti

Þessi vetur hefur verið viðburðaríkur fyrir margra hluta sakir. Við sem héldum að ekkert gæti toppað síðasta skólaár. Annað kom í ljós. Við höfðum ekki verið lengi í skólanum þegar við þurftum að gera breytingar vegna samkomutakmarkana. Í byrjun nóvember fluttum við í list- og verkgreinaálmuna. Í teyminu okkar fengum við íþróttakennara, heimilisfræðikennara og list- og verkgreinakennara sem þýddi að við breyttum dagskipulaginu. Boðið var upp á hreyfingu bæði úti og inni, mikla sköpun í smiðjunni, þar sem föndraðir voru fallegir munir og eftir alla heimilisfræðina sem við fengum, ættum við að geta tekist á við ýmsar áskoranir í eldhúsinu. Við nýttum okkur tölvustofuna í allskonar skemmtileg ritunarverkefni.

Það er hefð í Grundaskóla að 3. bekkur æfi og sýni helgileik á litlu jólunum. Eins og margt annað þetta skólaár voru Litlu jólin líka með óhefðbundnu sniði. Við létum það ekki stoppa okkur heldur æfðum helgileikinn, fórum í upptökur og afraksturinn var svo sendur á rafrænu formi til foreldra.

Þegar nokkrir dagar voru liðnir af janúar fluttum við aftur í okkar gömlu stofu. Það var ekki laust við að við söknuðum kjallarans og teymisins sem við höfðum þar.



## 3. bekkur

Skólinn hélt áfram og við unnum í Akranesþemanu, árstíðarverkefninu og öðrum verkefnum. Eftir úttekt á skólahúsnæðinu í febrúar kom í ljós að við þurftum að flytja af yngsta stiginu. Að þessu sinni fluttum við okkur yfir á miðstig. Það fannst okkur ekki leiðinlegt enda mjög spennandi að fara á annað stig. Við kipptum okkur ekkert upp við þetta, enda orðin vön að flytja og frábært hvað allir í árganginum hjálpuðust að við að láta allt ganga vel. Við þurftum að farga nánast öllu sem við höfðum gert, verkefnum og námsbókum. En við héldum ótrauð áfram. Við vorum svo heppinn að við gátum farið að hugsa um fleira en flutninga því það fór að gjósa! Við nýttum tækifærið og lærðum um eldgos og hvernig eldstöðvakerfin á Reykjanesi virka. Við fylgdumst líka með þróun gossins á vefmyndavélum.

Við vorum dugleg að lesa í vetur og settum okkur nokkrum sinnum mínútumarkmið. Í stærsta mánuðinum lásum við rúmlega 25.000 mínútur. Til að verðlauna okkur fórum við í Frystihúsið og fengum okkur ís. Það var mjög gaman.



Þegar voraði nýttum við dagana í mikla útiveru, við fórum m.a. á Byggðasafnið að Görðum, Langasand, Garðalund og í fallega Vitann okkar á Breiðinni.

Þrátt fyrir alls kyns hremmingar, samkomutakmarkanir og glerullarmengun þá höfum við gert okkar allra besta til að eiga skemmtilegar og góðar stundir saman í vetur. Áfram 3. bekkur.





# Tómstundafræðingar í Grundaskóla

Fyrsta skólaárið okkar í Grundaskóla sem tómstunda- og félagsmálafræðingar hefur verið ansi viðburðaríkt og áhugavert. Við komum ferskar, nýútskrifaðar úr háskólanum og beint í djúpu laugina þar sem við fengum að nýta okkar styrkleika í starfi. Starfið hefur verið mjög fjölbreytt frá degi eitt, krefjandi en lærdómsríkt ferli fyrir nýútskrifaða tómstundafræðinga. Aftur á móti erum við reynslunni ríkari í alls kyns fræðum og leiðum.



***Aldís Ylfa*** hefur verið á miðstigi og sinnt skipulagðri lífsleiknikennslu í 5. og 6. bekk einu sinni í viku. Í 5. bekk var búin til bók þar sem krakkarnir voru að vinna ólík verkefni til að styrkja sig sjálf. Í 6. bekk voru svipuð verkefni unnin en flest af þeim fóru inn í Óskaveröldina. Aldís Ylfa var einnig með valtíma í 7. bekk. Þar var unnið með einelti, samskipti og frítímann og að lokum í seinni valrúllu voru búin til 6 fræðslumyndbönd sem krakkarn-ir settu upp sjálf og áttu að nýta sér lærdóminn frá fyrri valrúllu. Einnig var hún með stelputíma í 6.bekk ásamt Bertu og sinnti einnig einstaklingum á miðstigi, þar á meðal varðandi eineltismál.



***Aldís Rós*** hefur að mestu leyti verið á unglingastiginu með smá viðveru á miðstigi. Í 6. bekk var hún að sjá um lífsleikni í list- og verkgreinum, þar sem krakkarnir voru að vinna ýmis verkefni tengd m.a. sjálfstyrkingu, markmiðasetningu og frítíma. Inni í 7. bekk var Aldís Rós með lífsleiknikennslu þar sem kennslan var brotin upp með leikjum. Einnig var unnið með verkefni tengd sjálfsmynd, frítíma og styrkleikum en þessi verkefni voru sett í Óskaveröldina.

Á unglingastiginu var Aldís Rós með stelputíma í 8. og 9. bekk, tók við valtímum í 10. bekk og var þar með kynfræðslu. Einnig sinnti hún mörgum einstaklingum í tengslum við kvíða og félagsfærni, sem gekk mjög vel.

Saman höfum við verið að sinna nemendafélagi Grundaskóla sem hefur verið skemmtileg og lærdómsrík reynsla á tímum heimsfaraldurs. Við höfum reynt að gera okkar allra besta til að halda uppi góðu félagslífi þrátt fyrir að mega varla hittast og hefur það verið ansi krefjandi. Ásamt því sitjum við í eineltisteymi Grundaskóla og vinnum þar með frábæru teymi. Grundaskóli hefur tekið vel á móti okkur og kennt okkur margt.

Tilhlökkunin er mikil að halda áfram að kenna hið óformlega nám sem tómstundafræðin snýst um og innleiða hana inn í skólann. Einnig munum við halda áfram að styrkja unga fólkið okkar, persónulega og félagslega.

*Bestu kveðjur,*
*Aldís Rós og Aldís Ylfa*
*tómstunda- og félagsmála-fræðingar*

# Menningarferð til Reykjavíkur

Í vetur hefur árgangur 2011 verið að læra um Ísland. Við höfum t.d. lært um náttúru landsins, landafræði, sögu, sjálfstæðisbaráttuna og stjórnarhætti. Þess vegna lá beinast við að fara í náms- og skemmtiferð til Reykjavíkur. Við heimsóttum Alþingi, fórum á Landnámssýningu og gengum um miðbæinn. Kíktum m.a. á Menntaskólann í Reykjavík en þar var Þjóðfundurinn haldinn árið 1851.

## 4. bekkur

Við nýttum ferðina og skelltum okkur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þar grilluðum við pylsur í hádegismat og lékum okkur frameftir degi. Þessi dagur var í alla staði mjög skemmtilegur og veðrið lék við okkur. Grundaskóli getur verið stoltur af þessum nemendum því hegðun þeirra var til fyrirmyndar.










# Heimsóknir

## 5. bekkur

Miðvikudaginn 5. maí fórum við í 5. bekk í heimsókn á Eiríksstaði þar sem Leifur heppni fæddist og ólst upp.

Við erum búin að vera að læra um víkingana og landnámsmennina í vetur og erum að búa til bók um líf og störf víkinga.

Við lögðum af stað með rútu kl. 8:30 og vorum komin að Eiríksstöðum um kl. 10:00. Þá borðuðum við nesti og skiptum okkur síðan í þrjá hópa. Einn hópur fór með leiðsögu manni að skoða bæinn sjálfan sem búið er að endurreisa í upprunalegri mynd. Annar hópur fór á meðan upp að rústum sem þar eru og fékk þar smá fræðslu um fornleifagröft og fór síðan að leita að 8 beinum sem búið var að skrifa á með rúnum. Við áttum að leysa úr því hvað rúnirnar tákna og fá út úr því eina setningu. Þriðji hópurinn fékk á meðan fræðslu um vopnin, við fengum líka að prófa að halda á vopnunum og klæða okkur í hjálm og brynju. Síðan rúlluðu hóparnir þannig að allir fengu að skoða allt.

Það var orðið mjög kalt svo ákveðið var að keyra í Borgarnes og fara þar í Skallagrímsgarð að borða hádegisnestið. Þegar við komum þangað var frábært veður og glampandi sól. Það var mjög gaman að stoppa þar.

Við vorum komin heim í skóla um kl. 14:00 og skóladagurinn búinn þann daginn. Ferðin var vel heppnuð og við miklu fróðari um líf Víkinga heldur en áður.



### *5. bekkur 2020-2021*

Veturinn hefur verið dálítið skrítnari en aðrir vetur í skólanum. Við erum enn að glíma við covid og síðan vorum við svo óheppin að skólinn okkar þurfti að fara í allsherjar yfirhalningu vegna slæmra loftgæða.









En ekkert af þessu stoppaði okkur í náminu og að hafa gaman. Við nýttum okkur ástandið, vorum dugleg að vinna utanhúss og fórum að heimsækja og kynna okkur starfsemi hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja. Meðal annars heimsóttum við Slökkvistöðina þar sem við fengum mikinn fróðleik um hvernig við eigum að bregðast við ef eldur kviknar og líka áminningu um að hafa allar brunavarnir í lagi heima hjá okkur og fara varlega með rafmagnstæki í hleðslu eins og síma og tölvur.

Við heimsóttum líka Byggðasafnið og þar var vel tekið á móti okkur. Við byrjuðum í Stúkuhúsinu þar sem Sossa las fyrir okkur draugasögu á meðan við gæddum okkur á heitu kakói og kexi, fórum síðan í aðal safnahúsið þar sem Jón Allans tók á móti okkur og sýndi okkur og fræddi um allt sem fyrir augu bar og síðan skoðuðum við eldsmiðjuna þar sem hann Guðmundur eldsmiður var búinn að kveikja upp og sýndi okkur hvernig víkingarnir smíðuðu vopnin sín og skartgripi yfir opnum eldi í gamla daga. Þetta allt saman var alveg ótrúlega fræðandi og spennandi.

Einnig fengum við að heimsækja Fjöliðjuna, þangað fórum við á föstudegi því við höfðum frétt að þá væru þau oft með hálfgert party, tónlist og skemmtiatriði. Í Fjöliðjunni tók Guðmundur Páll á móti okkur og fylgdi okkur um staðinn. Þarna urðu margir mjög hissa og spenntir því starfsmenn Fjöliðjunnar vinna mjög fjölbreytt störf, eins og að pakka Prins Póló, telja dósir og flöskur sem fólk kemur með til endurvinnslu og fær borgað fyrir að skila inn. Við vorum sko aldeilis ekki svikin af skemmtiatriðum því þarna tróðu upp með tónlist og söng úr Kardimommubænum þrír starfsmenn og miklir vinir en meirihluti starfsmanna Fjöliðjunnar eru fatlaðir einstaklingar.

Eins og þið sjáið þá þarf maður ekkert að láta sér leiðast eða kvarta þó ástandið sé ekki alltaf eins og maður hefði viljað og lærðum við alveg helling á þessum heimsóknum okkar og alls staðar var okkur tekið mjög vel.













PÚLSINN

# Skólaárið í 6. bekk

Þetta skólaár hjá 6. bekk hefur að mörgu leyti verið mjög skrýtið. Við skulum byrja á byrjuninni. Í byrjun var skólaárið frekar venjulegt og við unnum m.a. verkefnið um Snorra Sturluson sem var bara skemmtilegt. Síðan byrjaði fjörið og við þurftum að vera með grímur og við vorum mun styttra í skólanum en við vorum áður. Það var ágætt en við söknuðum þó vinanna og heimilisfræðinnar. Í kjölfarið á Covid komu síðan upp loftgæðavandamál í skólanum sem þýddi að við þurftum að flytja dótið okkar upp á Garðavelli. Við vorum þar í kringum 2 vikur, yngsta stigið fór á miðstigið, 8. bekkur fór í Þorpið og 9. og 10. bekkur fóru í Fjölbraut. Þegar við vorum búin að vera í golfskálanum í 2 vikur fengum við að fara á unglingastigið. Þar voru bara tvær lausar stofur þannig að það þurfti að skipta einum bekknum í tvo hópa og þeir sameinuðust hinum bekkjunum.

Okkur hafði verið lofað þriðju stofunni en það gekk ekki eftir en við fengum lausa stofu á miðstiginu að hluta til og bekkirnir skiptust á að vera þar. Þegar við vorum í golfskálanum, heimsóttum við m.a. Smiðjuloftið þar sem kynnt voru fyrir okkur íslensk þjóðlög og við fengum að spila okkar útgáfu. Við fengum líka að reyna okkur við klifurvegginn.

## 6. bekkur

Við fórum í Reykholt þann 26. maí á slóðir Snorra Sturlusonar og að því loknu í sund í Borgarnesi.

Á vordögunum heimsóttum við Árbæjarsafn og fengum kennslu um gamla tíma og grilluðum. Í vor forum við margar hjólaferðir um Akranes og Elli kennari fræddi okkur mikið um gamla tíma á Akranesi. Það var gott að komast í sumarfrí eftir þetta viðburðaríka skólaár.

*Takk fyrir. Kveðja,*
*Enok, Elín, Aldís, Jón og Viktoría.*













# 7. bekkur með augum nemenda

## 7. bekkur



Við í 7. bekk höfum tekið þátt í nokkrum skemmtilegum verkefnum í vetur samhliða hefðbundnu skólastarfi eins og skákmóti, óskaveröld, heilsuþema, jólasveinaleikriti, spurningakeppni miðstigsins og upplestrarkeppni. Veturinn hefur þó að stórum hluta einkennst af Covid-takmörkunum og af þeirri ástæðu varð ekkert af Danaheimsókn, Reykjaskólaferð og Erasmusferðum. En við höfum ekki látið það á okkur fá og haldið ótrauð áfram og lagað okkur að aðstæðum.

Jólaleikritið var æft af miklu kappi í nóvember en þá var hólfaskipting og allir þurftu að vera með grímur sem gerði æfingar og tjáningu erfiðari. Þrátt fyrir það gekk undirbúningur og sýningar einstaklega vel. Samúel Þorsteinsson sá um að gera handritið og tóku allir nemendur þátt í því og fengu að velja sér sitt hlutverk hvort sem það var að leika eða aðstoða við leikritið á annan hátt. Vegna fjöldatakmarkana fengu aðeins nemendur yngsta stigsins að sjá leikritið á sal skólans en það var tekið upp á myndband svo aðrir nemendur og foreldrar gætu horft á.

Upplestrarkeppnin var að mestu leyti með hefðbundnum hætti. Allir æfðu sína texta og kepptu innbyrðis í bekkjunum og komust 18 nemendur áfram og kepptu á sal skólans. Sex af þeim komust áfram í lokakeppnina í Tónbergi.



Eins og áður hefur komið fram hafa nemendur þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum oftar en einu sinni. Í lok skólaársins þurfti til dæmis að skipta árgangnum í tvo rúmlega þrjátíu nemenda stelpu- og strákahópa vegna húsnæðisvandræða. Það var gaman að prufa að hafa kynjaskipta hópa en flestir hlakka nú sennilega til að hefja eðlilegt skólastarf á ný.









# Lífið í þorpinu

Eins og margir vita komu upp loftgæðavandamál í húsnæði Grundaskóla á þessu skólaári sem olli því að við í 8. bekk vorum færð í Þorpið til að stunda nám okkar þar. Við ætlum aðeins að segja ykkur frá því hvernig þetta er hérna í Þorpinu. Hefðbundinn dagur er svona: Við byrjum daginn á frjálsum lestri og förum síðan annað hvort á stöðvar eða að vinna einstök verkefni sem kennararnir leggja fyrir okkur. Svo fáum við tvennar frímínútur kl. 9:20 og kl. 11:00. Í þeim er leyfilegt að fara í borðtennis, billiard, spila, læra og bara labba um. Lífið í Þorpinu hefur bæði sína kosti og galla. Það er skemmtilegt að vera í Þorpinu þegar kemur að frímínútum því þá getum við farið í öll tækin og spilin. En gallarnir eru að Þorpið er náttúrulega ekki með sömu lærdómsaðstöðu og Grundaskóli. Kennararnir hafa reynt að setja okkur í fjölbreytt verkefni og eitt þeirra var að skapa og byggja þorp þar sem allt þurfti að vera í réttum hlutföllum. Í þorpinu okkar voru auðvitað götur og fengum við það verkefni að forrita svokallaðar “Spherokúlur” sem áttu að ferðast eftir götunum eftir ákveðnum leiðum sem við ákváðum og markmiðið var að kúlurnar færu rétta leið og ekki út af veginum. Það gekk misvel hjá okkur.

Við bíðum spennt eftir að fá fréttir af því hvar við verðum næsta haust.

Hér fyrir neðan sýnum við nokkrar myndir af verkefninu.



## 8. bekkur

### *Ósýnilegt kolefnisspor okkar á internetinu – við þurfum að gera eitthvað!*

Nemendur í 8. bekk í Grundaskóla tóku fyrir kolefnisspor internetsins. Verkefnið var í vinnslu frá 1.-19. mars. Nemendum voru kynnt markmið verkefnisins með samnefndu myndbandi og glærusýningu sem sýndi þeim hver áhrif samfélagsmiðla eru á kolefnisspor mannsins. Þeim var bent á að líta í eigin barm og sjá hvort þau gætu séð fyrir sér hvað þau gætu gert í sínu lífi eða nærumhverfi til að minnka kolefnisspor sitt. Með því fór hugmyndavinna í gang þar sem þau fundu út hvers konar verkefni þau vildu gera. Verkefnin voru unnin í tveggja til fjögurra manna hópum. Eins og viðfangsefnið gefur tilefni til, voru verkefnin ekki af skornum skammti né takmörkuð við eitt efni. Nemendur sýndu fram á frumkvæði, sköpun, skipulag og mikla samvinnuhæfni svo ekki sé minnst á hugmyndaflug. Verkefnum mátti bæði skila á ensku og íslensku. Nemendur héldu kynningu á verkefnum sínum fyrir hvert annað og einnig var send kynning á verkefnunum heim til að vekja foreldra einnig til umhugsunar um kolefnisspor þeirra á internetinu Afrakstur verkefnanna var mjög fjölbreyttur og hér eru dæmi um þau verkefni sem voru unnin.





### *Nemendur sömdu ljóð og frumfluttu lög*

Gerðar voru kannanir þar sem kolefnisspor nemenda var reiknað út með því að spyrjast fyrir um netnotkun þeirra og með hjálp kolefnisreiknivélar var útkoman tekin saman.

Sjálfbærnihugsunin var einnig nemendum hugleikin og sást það á verkefnum sem snérust um endurnýtingu á efnum í nærumhverfinu. Sú vinna skilaði hekluðri buddu úr gömlum pokum, fjölnota pokum úr notuðum bolum ásamt samlokumatreiðslubók þar sem aðeins var reiknað með notkun íslensks hráefnis sem átti helst að innihalda afganga. Annar hópur heklaði fjölnota bómullarskífur fyrir augun og jafnframt reiknuðu nemendur út hversu mikið maður sparar með þessum hætti. Nemendur gróðursettu í poka, ýmist salat eða tómata til að jafna kolefnisspor sitt og myndbönd voru gerð til að sýna ferlið.

Framsækinn hópur fór á stúfana og tók viðtöl við fólk í fyrirtækjum og athugaði hvað það var að gera á þeirra vinnustað til að minnka kolefnisspor sitt.

Einn hópur kynnti sér starfsemi í nýsköpunarfyrirtæki þar sem verið er að hanna matvæla“plast“ úr þara.

Tvær ljósmyndasýningar voru settar saman þar sem áherslan var lögð á að sýna þann sóðaskap sem verður af einnota grímum í náttúrunni. Samhliða því fjallaði hópurinn um hvaða áhrif einnota grímur geta haft á dýraríkið.

# Lærdómsríkt skólaár

## 9. bekkur

Þegar nemendur í 9. bekk mættu í skólann síðastliðið haust gat engan órað fyrir því að skólaárið ætti eftir að þróast á þann veg sem það gerði. Fljótlega varð ljóst að Covid veiran hafði síður en svo sungið sitt síðasta og ekki leið á löngu þar til við urðum að tileinka okkur ýmsar reglur og siði varðandi hreinlæti, fjarlægðir og fleira til að halda þeim vágesti í skefjum.

Vika 6 var verkefni sem við tókum þátt í ásamt allri unglingadeildinni í sjöttu viku ársins 2021. Þar lærðum við ýmislegt um kynlíf, kynhneigðir og kynheilbrigði, ást og heilbrigði í samböndum og alls konar um fjölbreytileika mannlífsins. Regnhlífin á meðfylgjandi mynd táknar einmitt þennan fjölbreytileika og regndroparnir sem eru yfir, undir og allt um kring minna okkur á að við erum öll jafn stór, merkileg og mikilvæg í flóru mannlífsins.

Við undirbjuggum okkur af miklum krafti og metnaði fyrir samræmdu könnunarprófin og vorum svo sannarlega tilbúin þegar að þeim kom. Fljótlega komu svo fyrstu villuskilaboðin, svo önnur, svo þau þriðju og fljótlega varð ljóst að þetta yrði allt saman eitthvað skrítið. Öll komumst við þó á endanum í gegnum fyrsta prófið en minna varð úr hinum prófunum en áætlað hafði verið. Það voru óneitanlega vonbrigði að fá ekki að uppskera árangur erfiðisins eftir góðan undirbúning nemenda, en við ákváðum bara að brosa, herða upp hugann og halda áfram.

Um leið og samræmdu prófunum lauk þurftum við svo að flytja út úr skólanum vegna loftgæðavandamála. Við höfum verið á faraldsfæti síðan, fyrst í nokkrar vikur í frístundamiðstöðinni við golfvöllinn og síðan í tveim skólastofum í FVA. Þetta hefur að sjálfsögðu tekið talsvert á bæði nemendur og starfsfólk en þetta hefur líka gefið okkur tækifæri til að prófa ýmislegt nýtt og tileinka okkur ýmsa tækni í námi og kennslu. Meðfylgjandi eru nokkur dæmi um þetta, myndir af verkefnum nemenda um heimsstyrjaldirnar, sem unnin voru í Padlet – eins konar rafræn veggspjöld.

Það sem stendur upp úr eftir þennan viðburðaríka vetur er þó fyrst og fremst það að hópurinn í 9. bekk hefur styrkst við hverja raun og við ljúkum þessum vetri sem samheldinn og góður hópur þar sem allir eru vinir og allir njóta virðingar, nákvæmlega eins og þeir eru. Þetta kom berlega í ljós nú á vordögunum þegar við fórum öll saman í fjallgöngu á fjallið Þyril í Hvalfirði. Gangan var löng, erfið á köflum og ýmsar hindranir á leiðinni, en allir göngumenn voru jákvæðir og glaðir og öll komumst við alla leið og fengum að njóta árangurs erfiðisins, einstaks útsýnis af hæsta tindi Þyrils. Þannig höfum við tekist á við hindranir vetrarins með brosið og bjartsýnina að vopni og horfum björtum augum til næsta vetrar, lokaársins okkar í Grundaskóla.











# Kveðja frá 10. bekk

Nú skiljast leiðir okkar úr árgang 2005 eftir 10 frábær ár í Grundaskóla. Undanfarin 10 ár höfum við búið til góðar minningar sem munu vonandi fylgja okkur út lífið.

Haustið 2011 mættum við eldhress og spennt að byrja þetta nýja tímabil í okkar lífi. Okkar fyrstu kennarar voru Ásta Egilsdóttir, Eygló Karlsdóttir og Gunnhildur Björnsdóttir.

Í öðrum bekk tók Karen Ólafsdóttir við af Ástu. Þá gerðum við hina einu sönnu stóru bók sem var unnin allan veturinn og urðum síðan kvikmyndastjörnur þegar við gerðum stuttmyndina *Akranes í gamladaga* ásamt því að læra um mannslíkamann.

Í þriðja bekk tók Valgerður Valsdóttir við af Karen, þar unnum við á fullu að undirbúa okkur fyrir samræmd próf næsta árs, ásamt því að vinna allskyns skemmtileg og fjölbreytt verkefni líkt og að kynna okkur vinnustaði um allan bæ.

Í fjórða bekk lærðum við um Ísland og sögu landsins. Við fórum í skemmtilega og eftirminnilega ferð til Reykjavíkur þar sem við meðal annars fórum í Alþingishúsið, Ráðhúsið og enduðum ferðina á því að grilla pylsur og leika okkur í Húsdýragarðinum.

Það var stórt stökk að fara af yngsta stigi og yfir á miðstig. Þar kvöddum við kennarana sem höfðu fylgt okkur allt yngsta stigið og tóku þær Sigríður Ólafsdóttir, Laufey Karlsdóttir og Ingibjörg Eggertsdóttir vel á móti okkur. Í fimmta bekk lærðum við um Eirík Rauða, víkinga og landnám Íslands og lukum við verkefninu á því að heimsækja Eiríksstaði. Við gerðum einnig eftirminnilegt atriði á árshátíðinni það árið, þar sem þemað var Diskó út frá frægu kvikmyndinni Mamma Mía þar sem við sungum og dönsuðum.

Í sjötta bekk lærðum við um Snorra Sturluson og fórum í skemmtilega ferð í Reykholt og skoðuðum mikið þar. Einnig fórum við í skemmtilega siglingu sem Faxaflóahafnir buðu okkur í og sigldum við þar um litlu eyjarnar sem eru rétt utan við Reykjavík.

Sjöundi bekkur var mjög skemmtilegur og eftirminnilegur











en þar fengum við nýja kennara, þær Berglindi Þráinsdóttur, Ursulu Ásgrímsdóttur og Maríu Óskarsdóttur en á áramótum hætti María og tók Aron Ýmir við af henni.

Við unnum hart að því að undirbúa okkur vel fyrir samræmd próf, við unnum í Óskaveröldinni og byrjuðum að læra dönsku. Síðan var komið að ferðinni sem við höfðum öll verið að bíða eftir og var það að fara í Reykjaskóla. Við vorum á sama tíma og Brekkubæjarskóli og var það frábær upplifun. Það var mjög gaman á Reykjum og er þessi ferð mjög eftirminnileg. Síðan fengum við Dani í heimsókn í nokkra daga.

Það var mjög spennandi að vera loksins komin á unglingastig og fá að mæta í Arnardal. Þar tók Íris Aðalsteinsdóttir við af Aroni. Við kynntumst mörgum nýjum hlutum líkt og því að vera í vali með eldri krökkum og margt fleira.

Við gerðum tvö verkefni út frá skemmtilegum bókum sem við lásum, Saga Ismaels og Undur. Við mættum á okkar fyrstu böll og var það mjög eftirminnilegt.

Níundi bekkur var skemmtilegur. Við lásum og gerðum verkefni upp úr tveimur bókum, Skrímslið kemur og Strákurinn í röndóttu náttfötunum. Við lærðum mikið um seinni heimsstyrjöldina og var það mjög áhugavert að læra um það. Við fórum í okkar síðustu samræmdu próf og undirbjuggum okkur mikið fyrir þau. Á vorönninni skall Covid-19 á og var það áhugaverður tími. Við byrjuðum á því að fara í svokallaðan heimaskóla þar sem allt nám fór fram í gegnum Teams en síðan fengum við að mæta í skólann en með miklum takmörkunum og þurfti að skipta hópnum í minni hópa.

Okkar síðasta skólaár í Grundaskóla var mjög skemmtilegt en áhugavert og umfangsmikið á sama tíma. Við vorum elst og reyndum okkar besta að vera góðar fyrir- myndir fyrir yngri krakka. Við vorum elst á Nýnemaballinu og buðum við því nýnemunum með okkur á ballið. Covid-19 hélt áfram og þurftum við að fara aftur í takmarkaðan skóla. Við þurftum að mæta með grímur og halda fjarlægð á milli. Árið var skrítið því ekki einungis var Covid-19 í gangi heldur komu upp skemmdir í skólanum og þurftum við að flytja í FVA þar sem vel var tekið á móti okkur og fengum við að kynnast því hvernig væri að vera í fjölbraut.

Lokaferðin okkar var í Skagafjörð og var það í fyrsta skipti sem einhver árgangur hefur farið þangað í lokaferðalag. Þar gistum við í stórum sal í félagsheimilinu Miðgarði sem var mjög fínt og kózý. Dagskráin var frekar frjáls, sumir voru duglegir að vera úti í körfu á meðan aðrir skelltu sér í sund eða slökuðu á í félagsheimilinu. En svo var einnig farið í river rafting, paintball og wipeout sem var mjög skemmtilegt og fyndið. Í river rafting voru margir sem að klifruðu upp í kletta og stukku af þeim ofan í ískalda ána. Í paintball voru sumir sem fengu skot í rassinn, andlitið og bakið sem er mjög vont en samt skemmtilegt á sama tíma. Í wipeout voru skemmtilegar og erfiðar þrautir sem gerðu það að verkum að margir komu rennblautir og særðir eftir að hafa dottið í ískalt vatn í brautinni. Þessi lokaferð var að mati flestra það skemmtilegasta á skólagöngunni.

Við viljum fyrir hönd árgangsins þakka öllum sem hafa komið að okkur þessi 10 ár og hjálpað okkur að gera þessa skólagöngu svona góða.

*Takk starfsfólk Grundaskóla.*
*Takk fyrir okkur.*



# Grundaskóli starfar á neyðarstigi vikum saman

Á liðnu skólaári hefur sannarlega gefið á bátinn eins og stundum er sagt. Í fyrsta skipti í skólasögu Grundaskóla starfaði skólinn á neyðarstigi vikum saman. Covidpestin var upphaflega vandamál okkar en þegar leið á árið varð annað vandamál aðal viðfangsefni okkar, ótrúlegt en satt.

Þetta er skólaárið þar sem rýma þurfti um helming skólabyggingar Grundaskóla vegna loftgæðavanda og flytja í annað húsnæði úti í bæ. Þegar mest gekk á þá starfaði skólinn í sjö hlutum með tilheyrandi vandkvæðum fyrir allt skólasamfélagið.

Þær sviptingar sem urðu í skólastarfi um víða veröld vegna faraldurs eiga sér ekki hliðstæðu í manna minnum. Nú sem aldrei fyrr var mikilvægt að taka höndum saman og hlúa að börnum í skólastarfi og skapa þeim traust og öruggt umhverfi. Covidtíminn hefur þó kennt okkur margt gagnlegt. Í því sambandi má nefna að kunna að meta ýmislegt sem áður taldist sjálfsagt s.s. að geta átt persónuleg samskipti og ferðast óhindrað um. Þessi tími hefur einnig kennt okkur að standa saman og fylgja reglum um sóttvarnir, að allir sinni handþvotti, nýti sprittvökva og fylgi leiðbeiningum sóttvarnalæknis og heilbrigðisyfirvalda.

Starfsfólk Grundaskóla var vel undirbúið og klárt í að tryggja skólastarf áfram þrátt fyrir breytt skilyrði. Sóttvarnaáætlun skólans var vel úfærð og vel undirbyggð. Á þessu skólaári höfum við þurft að taka upp sóttvarnarhólf, kenna eldri árgöngum með fjarnámi, taka upp rúllukerfi o.s.frv. Alls voru fjórtán hólf í skólanum sem skiptust í tíu árganga. Aukahólfin tengdust þjónustu við forgangshópa s.s. tengt heilsugæslu og velferðarþjónustu. Starfsfólk Grundaskóla lét ekkert stoppa sig og fór ótroðnar slóðir ef þurfti.

Kennsluskipulag var fjölbreytt allt eftir aldri og aðstæðum hverju sinni. Eldri bekkir hittust daglega á rafrænum bekkjarfundum með aðstoð Teams, fjöldi kennslumyndbanda var útbúinn, foreldrar og börn voru dugleg að deila heimavinnu s.s. heimasöngstund, heimaleikfimi, óhefðbundnu námi s.s. tiltekt, bakstri o.m.fl. Starfsfólk sinnti kennslu á heimilum, utan heimilis og jafnvel sinnti þjónustu sem alla jafna fellur ekki beint undir starfsemi skólans á skólatíma. Allir lögðust á eitt að leysa þann vanda sem samfélagið stóð frammi fyrir. Skólinn og heimili lögðust á eitt að skapa sterka liðsheild. Áhersla var lögð á að virkja alla til verka og opna námsvefi og námskerfi þar sem finna mátti bæði lærdómsrík og skemmtileg verkefni sem öll fjölskyldan gat unnið saman. Í hönd fór tími þar sem nám og uppeldi fékk nýja og víðtækari merkingu þar sem samvera og samtal skipti meira máli en nokkuð annað.

Skólastjórn stóð vaktina með öllum teymum og stýrði skútunni. Þegar litið er til baka verður að segjast að skólafólk vann hreint afrek. Engu skipti hvort fundi bar upp á virka daga eða helgar. Allir gengu til verka einbeittir og með lausnamiðaða hugsun. Skólinn hélt sem mest fullri starfsemi þó með breyttu sniði væri. Sóttvarnir skólans gengu upp og þurfti aðeins einn árgangur að fara í sóttkví um tíma þó oft hafi hættan staðið nærri. Skólasamfélagið stóðst álagið og sem betur fer veiktust fáir og enginn alvarlega í okkar hópi.

Covid19 var okkur erfitt verkefni en eins og fyrr er getið, varð Covidverkefnið samt að hreinu aukaatriði þegar grunsemdir vöknuðu um að loftgæði í Grundaskóla væru ekki eins og eðlilegt mætti teljast.

Skólastjórnendur höfðu um tíma haft áhyggjur af stöðunni og reynt að vinna með loftgæðamál með margvíslegum hætti. Á haustmánuðum óskaði skólastjóri eftir úttekt fagaðila á stöðunni og byggði ósk sína um úttekt á einkennum og lýsingum sem komu fram og frá bæði nemendum og starfsfólki. Um var að ræða kláða og einnig útbrot, hósta og jafnvel hæsi.

Í undirbúningsvinnu voru öll tilfelli skráð og flokkuð. Sérfræðingar frá verkfræðistofunni VERKÍS komu á staðinn og framkvæmdu umfangmikla úttekt sem leiddi í ljós afmarkaðan vanda vegna rakaskemmda en nokkuð umfangsmikinn vanda vegna glerullaragna. Um leið og rannsóknarniðurstöður bárust tók skólastjórn ákvörðun um að loka C byggingu sem hýsir yngsta stig skólans. Áætlun var gerð um uppskiptingu skólans þar sem unglingadeildin flutti út en tilfærslur urðu hjá öllum bekkjum. Nokkrum dögum síðar bárust niðurstöður um að vandamál væri í B-byggingu skólans sem hýsir unglingadeildina. Samdægurs tók skólastjórn ákvörðun um að loka þeirri byggingu einnig og færa nemendur og starfsfólk í alls sjö byggingar víðsvegar um bæinn.

Það er of langt mál að rekja hér allar þær aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna þessa. Skólastjórn tók margar ákvarðanir sem eiga sér ekki hliðstæðu hvort sem er í skólasögu Grundaskóla eða sennilega í skólasögu landsins almennt. Viðbragðsáætlun var skýr og afdáttarlaus. Allt var gert til að tryggja öryggi og heilsu barna og fullorðinna. Skólasamfélagið fékk strax allar upplýsingar og

rannsóknarniðurstöður og m.a. stóð skólinn og bæjaryfirvöld að beinni útsend- ingu til bæjarbúa.

Húsnæðisvandi Grundaskóla er svo stórkostlegur að fyrirfram hefði öllum fallist hendur hefði mönnum verðið kunnugt um hvað lá framundan. Að yfirfullur skóli gæti haldið áfram starfsemi þrátt fyrir að hafa aðeins um 50% húsnæðis er afrek. Þetta ástand hefur hins vegar kostað gríðarlega orku og þolinmæði frá öllum aðilum skólasamfélagsins. Eins og í Covid-verkefninu lánaðist okkur að standa saman og einblína á lausnir en ekki vandamál.



Það er einstakt að fylgjast með og skoða öll þau skemmtilegu verkefni sem hafa verið unnin á þessu skólaári. Á sama tíma og það hefur fækkað í skólanum, skólastarf hefur dreifst um bæinn, er eins og skólastarfið hafi aukist á einhvern hátt. Foreldrar hafa verið virkari í samstarfi við skólann og duglegir að benda okkur bæði á það sem er gott og hitt sem betur má fara.

Full ástæða er til að þakka öllum fyrir að standa með skólanum á erfiðum tíma. Fyrirtæki og stofnanir brugðust strax við hjálparbeiðnum. Fjölbrautaskóla Vesturlands, Tónlistarskólanum, Þorpinu, Frístundamiðstöðinni og Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum eru færðar þakkir fyrir lán á húsnæði fyrir nemendur skólans.

Í þeim aðstæðum sem hér á undan hefur verið lýst er ómetanlegt að hafa úrvals áhöfn, starfsfólk og skólasamfélag. Fólk sem vinnur vel saman og leysir það sem að höndum ber. Við höfum haft eink- unnarorð Grundaskóla að leiðarljósi **SAMVINNA – TRAUST – VIRÐING.**

Frá upphafi hefur skólastjórn Grundaskóla sent út einföld en skýr skilaboð. Þegar fréttir og skilaboð eru yfirfarin má sjá víða eftirfarandi hvatningarorð frá skólastjóra „Áfram gakk, allt mitt fólk.“ Þetta hafa allir gert með miklum glæsibrag og við erum ekkert að stoppa. Nú eru í gangi umfangsmiklar breytingar og endurbætur á skólahúsnæðinu, hinar mestu í fjórtíu ára sögu skólans. Á síðustu vikum hafa fulltrúar skólans og arkitektar unnið að hönnunarvinnu þar sem stór hluti skólans er hreinlega endurskipulagður frá grunni. Horft er af metnaði til bjartrar framtíðar og grunnur lagður að nýju og glæsilegu kennsluhúsnæði sem mun halda vel utan um Grundaskólafólk til langrar framtíðar. Framundan er mikil uppbygging og breytingar sem munu leggja grunninn að nýjum og betri Grundaskóla.

# ART *(Aggression Replacement Training)* í Grundaskóla

ART stendur fyrir Agression Replacement Training og er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. ART er notað víðsvegar um landið fyrir alla aldurshópa.

Þjálfunarstundir standa yfir í 8-10 vikur í klukkutíma í senn og tekið er fyrir mismunandi efni í hverjum tíma. Nemendur læra fyrirbyggjandi aðferðir í gegnum hlutverkaleik sem aðstoða þau við að takast á við hinar ýmsu aðstæður. Farið er í grunnfærniþætti eins og að læra að hlusta og að kynnast nýju fólki, en einnig er farið í flóknari þætti eins og að takast á við reiði annarra og að taka við hrósi.




*Dæmi um færnikort sem notað er í ART.*

Haustið 2019 sóttu þrír starfsmenn Grundaskóla sér réttindi sem ART þjálfarar og í vetur sótti einn starfsmaður Grundaskóla sér í viðbót réttindi sem ART þjálfari og hafa nemendur úr árgangi 2011 notið góðs af.

*Ástrós Una Jóhannesdóttir, fagaðili í stoðþjónustu*
*Helena Másdóttir, þroskaþjálfi*
*María Þ. Helgadóttir, þroskaþjálfi*

# Gullskórinn

Nú liggja fyrir úrslit í keppninni Göngum í skólann Keppnin hófst formlega í byrjun september en alls tóku 75 skólar þátt þetta árið sem er metþátttaka. Grundaskóli hefur lengi verið með í þessari keppni og hvatt allt skólasamfélagið til að nota heilsusamlega samgöngumáta.

Keppnin var hnífjöfn á milli árganga skólans en að lokum reyndist 4. bekkur hafa náð bestum árangri og hlýtur hinn eftirsótta „Gullskó“. 8. bekkur reyndist standa sig best á unglingastigi og 7. bekkur á miðstigi.






# Gulur, rauður, grænn og blár

Þegar skortur er á leiktækjum í stórum skóla þurfa nemendur og starfsmenn að vera skapandi og finna lausnir. Í haust brugðu menn á það ráð að mála stigatröppur við miðstigið í mismunandi litum þannig að börnin geta nú leikið hina ýmsu leiki. Einn þessara leikja þekkja margir foreldrar en hann nefnist Gulur, rauður grænn og blár.

Stiginn er vel nýttur í öllum frímínútum og þetta sýnir og sannar enn og aftur að leiktækin þurfa ekki að vera flókin eða dýr í uppbyggingu.



# Þórdís Þöll Þráinsdóttir



*Starfsheiti?*
Iðjuþjálfi

*Hvað felst í þínu starfi?*
Ég vinn fjölbreytt starf í Grundaskóla. Ég sinni fínhreyfiþjálfun barna í 1. og 2. bekk, vinn með félagsfærni á öllum stigum, sinni hreyfiþjálfun og skynörvun nemenda með sérþarfir og kem að allskonar skipulagi í kringum nemendur sem þurfa aukinn stuðning hér og þar.

*Hvað er það besta við starfið þitt?*
Það besta við starfið er að fá að vinna með fjölbreyttum hópi af frábærum krökkum og samstarfsfólki.

*Áhugamál?*
Útivist, fimleikar, gott sjónvarpsefni og svo er ég mikill aðdáandi David Attenborough og Sigga Hall.

*Dagurinn? Klukkan hvað vaknaðir þú og hvað var það fyrsta sem þú gerðir?*
Ég vaknaði 5:45 og fór út að hlaupa . . . djók. Ég vaknaði 7:20 og var í kapp við tímann að koma mér og mínum út um dyrnar fyrir 8.

*Hvað borðaðir þú í morgunmat?*
Banana og hleðslu í tíukaffinu.

*Hvenær fórstu til vinnu og hvernig?*
Ég fór til vinnu kl. 8 á bíl en verð grimm í "Hjólum í skólann" í maí.

*Fyrstu verk í vinnunni?*
Einn kaffi.

*Hvað varstu að gera klukkan 10:00?*
Ég var með vináttutíma í fyrsta bekk sem er forvarnaverkefni gegn einelti.

*Hvað varstu að gera klukkan 14:00?*
Ég var að sinna iðjuþjáfun í sundi með nokkrum snillingum.

*Hvenær hættir þú og hvað er það síðasta sem þú gerðir í vinnunni?*
Ég er að vinna til 16 alla daga og það síðasta sem ég gerði í dag var að fá mér eina p-max með samstarfskonum mínum á kaffistofunni.

*Hvað gerðir þú eftir vinnu?*
Eftir vinnu fór ég beint að þjálfa fimleika.

*Hvað var í kvöldmatinn og hver eldaði?*
Það var glæsilegur fiskréttur í ofni úr fiskbúðinni sem hann Árni minn sá um að setja í ofninn.

*Hvernig var kvöldið?* Æsispennandi dagskrá í línulegri.

*Hvenær fórstu að sofa?* Líklega sofnað í sófanum um 23.

# Söngkeppni Arnardals og grunnskólanna

Hátónsbarkinn, fór fram föstudagskvöldið 16. apríl og það fyrir luktum dyrum þetta árið vegna Covid19. Allir þátttakendur lögðu allt sitt í sönginn og stóðu sig með miklum sóma.

Á myndinni má sjá sigurvegara kvöldsins. Sylvía Þórðardóttir nemandi Grundaskóla stóð sig mjög vel og lenti í þriðja sæti. Hér má sjá mynd af henni ásamt sigurvegaranum Hönnu Bergrós og Rakel Helgu sem lenti í öðru sæti. Stelpurnar kepptu svo sem fulltrúar Arnardals í Samvest keppninni þar sem Hanna Bergrós sigraði og Sylvía lenti í þriðja sæti.



# Frétt úr heimilisfræði

Í Grundaskóla fá allir nemendur kennslu í heimilisfræði, mismikið þó, en heimilisfræði er kennd í öllum árgöngum.

Verkefnin eru alls konar? Við ræðum um hollustu og heilsu, spjöllum um heimilishald, vinnum með þætti sem snúa að umhverfinu, æfum okkur í að leggja á borð, vera kurteis og nota fallega borðsiði. Vinnum verkleg verkefni eins og að skera ávexti, móta deig, útbúa heimagert múslí, steikja lummur, baka veislupizzur, pizzasnúða, steikja pönnukökur, elda einfalda rétti, baka kökur og elda alls konar hollan mat og svo mætti lengi telja. Allir læra að ganga vel frá vinnusvæðinu sínu. Hér fylgja með myndir frá vetrinum.

















# Katrín Leifsdóttir



*Starfsheiti?*
Heimilisfræðikennari
*Hvað felst í þínu starfi?*
Ég kenni nemendum manneldi, að kunna að sjá um eldamennsku og velja hollt.
*Hvað er það besta við starfið þitt?*
Fjölbreytt kennsla, oftast námsfúsir nemendur og skemmtilegt samstarfsfólk
*Áhugamál?*
Útivist í fjölbreyttri náttúru, samvera með skemmtilegu fólki, handavinna, afkomendurnir.
*Dagurinn?*
Flestir dagar eru bara mjög góðir og mér leiðist aldrei í vinnunni.
*Klukkan hvað vaknaðir þú og hvað var það fyrsta sem þú gerðir?*
7:10, bjóða útsýninu góðan daginn sem sagt, kíki út um gluggann og skoða veðrið.
*Hvað borðaðir þú í morgunmat?*
Oftast brauðsneið og kaffi.
Hvenær fórstu til vinnu og hvernig? Lagði af stað 7:35 hjólandi.
*Fyrstu verk í vinnunni?*
Stimpla mig inn, taka til kennsluefni fyrir 4. bekk.
*Hvað varstu að gera klukkan 10:00?*
Kenna 10. bekk heimilisfræði (geggjað gaman)
*Hvað varstu að gera klukkan 14:00?*
Undirbúningur fyrir kennslu. Brjóta pappír og klippa til í verkefni fyrir 7. bekk
*Hvenær hættir þú og hvað er það síðasta sem þú gerðir í vinnunni?*
Ca 15:45 ganga frá og stimpla mig út
*Hvað gerðir þú eftir vinnu?*
Tiltekt heima hjá mér og göngutúr.
*Hvað var í kvöldmatinn og hver eldaði?*
Maðurinn minn eldaði fisk, ég elska fisk.
*Hvernig var kvöldið?*
Rólegt sjónvarps/prjónakvöld.
*Hvenær fórstu að sofa?*
Eftir lestrarstund ca. kl. 23:30.

# Bærinn okkar



Á mánudögum förum við hópur úr 5.bekk út og skoðum áhugaverða staði og fyrirtæki á Akranesi. Við höfum fengið mjög góðar móttökur og flotta fræðslu á þessum stöðum.

Við erum búnir að læra ýmislegt fróðlegt um starfsemi fyrirtækjanna og um okkar fallega bæ.

*Kær kveðja og takk fyrir okkur.*
*Sossa, Auður og drengirnir í 5. bekk Grundaskóla.*







# Kennaranemar í Grundaskóla

Grundaskóli er einn af samstarfsskólum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um menntun nýrra kennara. Í kennaranámi fá allir kennaranemar úthlutað heimaskóla í grunnnámi sínu. Þannig fá þeir mikilvægt tækifæri til að kynnast einum skóla vel og vera virkir þátttakendur í skólastarfi. Þeir stunda vettvangsnám sitt þar, auk þess sem þeir fá tækifæri til að vinna verkefni sín eða gera rannsóknir í tengslum við námið sitt. Í mars síðastliðnum komu til okkar sjö kennaranemar sem dreifðust á öll stig skólans eftir áherslum í þeirra námi. Auk þess hefur einn kennaranemi verið við störf hjá okkur í vetur. Sá er á lokaári í sínu meistaranámi og hefur fengið leiðsögn undirritaðrar.

Vettvangsnám er einn af mikilvægum grunnþáttum í menntun nýrra kennara. Í vettvangsnámi kynna kennaranemar sér skólastarfið ásamt því að kenna og kynnast starfsháttum á ákveðnu námssviði eða námsgrein sem þeir eru að sérhæfa sig í. Þeir sinna kennslunni undir leiðsögn reyndra leiðsagnarkennara innan skólans og þannig efla þeir fagmennsku sína og starfshæfni jafnt og þétt í gegnum námið sitt. Kennaranemum er ætlað að taka þátt í öllu daglegu starfi skólans á þeim tíma sem þeir eru á vettvangi, með það að markmiði að auka frumkvæði og virkni sína í starfi. Það er okkur dýrmætt að vera í samstarfi við háskólann og huga að uppeldi nýrra kennara í starfi, hafa áhrif á þau og nýta okkur þeirra hugmyndir úr náminu til að efla okkur í starfi.

*Gunnhildur Björnsdóttir,*
*leiðsagnarkennari.*

## Jólasögur í útvarpinu okkar

Eins og margir vita erum við í Grundaskóla með okkar eigin útvarpsstöð sem býður upp á marga möguleika fyrir nemendur til að þjálfa framkomu og framsögn auk þess að geta sett verkefni sín í nýjan búning. Í desember sömdu allir nemendur í Grundaskóla jólasögur og valdi síðan hver bekkur eina sögu til birtingar í útvarpi Grundaskóla.

## Jólamyndasamkeppni

Veitt voru verðlaun í jólamyndasamkeppni Grundaskóla 18. desember. Einn verðlaunahafi var valinn á hverju aldursstigi.

Meðfylgjandi eru myndir af verðlaunahöfunum í myndasamkeppninni þetta árið.



*Lovísa Hrund yngsta stig.*



*Kara Líf, miðstig.*



*Eydís, unglingastig.*

# Hreystival í Grundaskóla

Í vetur var bryddað upp á þeirri nýjung að hafa Hreystival í list- og verkgreina rúllu 1.-7. bekkja.

Íþróttakennarar sáu um kennsl-una, sem var fjölbreytt og skemmtileg. Kennslan fór fram bæði innan og utan dyra í formi allskonar leikja og stöðva. Einnig notuðum við sundlaugina mikið sem var frábær viðbót við kennsl-una.

Þetta fyrirkomulag hefur mælst mjög vel fyrir bæði hjá nemendum og starfsfólki. Fögnum við því að vægi hreyfingar hefur aukist í skólastarfinu.

*Íþróttakennarar.*













# Kransakökunámskeið fyrir foreldra og nemendur

Í ár eins og undanfarin ár hefur nemendum í 8.bekk og foreldrum staðið til boða að sækja kransakökunámskeið í Grundaskóla. Þátttakan í ár var góð, fallegar kökur litu dagsins ljós og allir skemmtu sér vel.



# Ljósin hans Gutta

Falleg og litrík ljós sem lýsa upp tré í Garðalundi á aðventunni – ljósin hans Gutta.

Ljósin eru kölluð „Ljósin hans Gutta“ og er um að ræða samfélagsverkefni sem Hollvinir Grundaskóla, skólafólk á Akranesi og fleiri standa að í minningu um Guðbjart Hannesson, fyrrverandi skólastjóra Grundaskóla, bæjarfulltrúa, alþingismann og ráðherra.

Ljósunum er ætlað að gleðja bæjarbúa á öllum aldri en í störfum sínum lagði Gutti mikla áherslu á að menn hefðu bjartsýni og framfarir að leiðarljósi í öllum verkum. Verkefninu er einnig ætlað að hafa börn og barnamenningu í forgrunni.

Ljósin hans Gutta eiga aldrei betur við en einmitt núna þegar Covid19 hefur herjað á um langan tíma en verkefninu er ætlað að auka samkennd og gleði í samfélaginu á Akranesi. Með Ljósunum hans Gutta opnast ævintýraheimur í skógræktinni.





## Ný lýsing á unglingastiginu

Síðustu daga hafa iðnaðarmenn unnið að endurbótum á lýsingu á unglingastiginu. Lýsing á göngum er komin til ára sinna og mikilvægt að skipta um loftljós á svæðinu þar sem við nýtum gangana mikið til kennslu.

Nú er framkvæmdum að ljúka, ný ”LED-ljós” komin upp og lýsing er miklu betri en áður. Meðal annars er möguleiki á að stjórna ljósastyrk í félagsrými með sérstökum dimmer.



# Félagslíf í heimsfaraldri

Hvernig á að halda úti félagslífi þegar unglingar mega ekki hittast í heimsfaraldri? Þegar stórt er spurt er fátt um svör en við hjá nemendafélaginu höfum þurft að hugsa út fyrir boxið síðasta skólaár hvað varðar það að sinna félagslífi skólans. Kórónuveiran hafði mikil áhrif á starf okkar frá september en við komumst á rétt ról í lok febrúar og vorum orðin bjartsýn á að eiga ,,eðlilegt" félagslíf. Um miðjan mars var unglingadeildin stokkuð upp og sett á þrjá mismunandi staði í bænum sökum loftgæðavandamála í Grundaskóla. Við létum það þó ekki stoppa okkur og reyndum að gera það besta úr stöðunni. Starf okkar hefur að mestu leyti farið fram með rafrænum hætti, þá aðallega á Instagram-síðu nemendaráðsins. Við hugsum þetta sem nýja leið til að þróa nemendafélagið til hins betra. Þrátt fyrir allt höfum við afrekað heilan helling og getum við verið stolt af okkar flotta félagsstarfi hér í Grundaskóla.

Skólaárið byrjaði vel og kosið var í nemendaráð í ágúst 2020 þar sem við fengum til okkar átján flotta og öfluga fulltrúa, 6 úr hverjum árgang. Ásamt bekkjarfulltrúum fengum við tvo flotta formenn þau Björk og Jóel Þór úr 10. bekk. Þann 10. september héldum við vel heppnað Nýnemaball og var mætingin mjög góð á fyrsta og eina ball skólaársins. Við höfum verið dugleg að halda langar og skemmtilegar frímínútur þar sem við höfum meðal annars farið í leiki úti í Akraneshöll, spilað, horft á þætti, farið í samsöng og fleira. Viðburðir á borð við þemaviku í kringum hrekkjavöku, jólin, og öskudag voru haldnir inn í hverjum árgangi fyrir sig og heppnaðist mjög vel.

Instagram síða nemendaráðsins hefur spilað stórt hlutverk í starfi okkar eins og við nefndum hér fyrir ofan. Jóladagatal NFG sló rækilega í gegn en þar voru skemmtilegar spurningar, leikir og annað fróðlegt sem fór fram á hverjum degi í desember fram að jólum. Árgangarnir hafa einnig fengið að sýna frá sínu daglega lífi í skólanum en það hefur verið gaman að fylgjast með því. Einnig höfum við haldið úti gjafaleik í samstarfi við ísbúðina Frystihúsið hér á Akranesi þar sem um 400 unglingar tóku þátt.



Einn af okkar stærstu viðburðum innan skólans var VIKA SEX en nemendaráðið ásamt kennurum unglingastigsins skipulögðu frábæra kynfræðsluviku. Þemað í ár var klám og staðalímyndir, fjölbreytileiki, sambönd, samskipti og sjúk ást. Ásamt því fóru allir bekkir í trúnó og fengu að spyrja nafnlausra spurninga tengt þemanu.

Skólaárið gleymist seint en bæði unglingar og umsjónarmenn nemendaráðsins munu taka það góða sem kom út úr þessu og læra af því. Hugarfar og frumkvæði skiptir miklu máli en unglingarnir eiga stórt hrós skilið fyrir frábæra vinnu. Þetta gerir okkur enn sterkari fyrir vikið og við getum bókstaflega orðið meistarar í skyndilausnum.

Takk fyrir áhugavert skólaár.

*Fyrir hönd nemendaráðs Grundaskóla ,*
*Björk Davíðsdóttir og Jóel Þór Jóhannesson.*
*formenn nemendaráðs Grundaskóla.*

# Vordagar





























# Skák í Grundaskóla

Í Grundaskóla er ýmislegt um að vera í skákinni. Nemendur hafa verið mjög áhugasamir og duglegir að grípa í skák þegar færi gefst.

Berta Ellertsdóttir hefur séð um skákstarf á miðstiginu. Í vetur fóru allir nemendur í 5. bekk á skáknámskeið um undirstöðuatriði leiksins og fengu tækifæri til að æfa sig undir leiðsögn. Á hverju ári fer fram skákmót á miðstiginu þar sem keppt er um titilinn ,,skákmeistari miðstigsins".

Í mars fór skákmótið fram. Áður hafði hver bekkur haldið sitt skákmót og svo kepptu bekkjarmeistarar 5.-7. bekkjar til úrslita. Allir keppendur stóðu sig mjög vel og gerðu sitt besta. Sigurvegarar voru þau Arnar Gunnarsson og Sunna Rún Sigurðardóttir, bæði úr 7.KÓ.

***Keppendur voru eftirfarandi:***

*7. bekkur:* Sigurður, Sara Dís, Arnar G., Sunna Rún, Jenný Lind og Arnar Páll.

*6. bekkur:* Victor Máni, Margrét, Isak Theodor, Hrafnhildur Helga, Telma Kristín og Davíð Leó.

*5. bekkur:* Ármann Marvin, Ingibjörg, Þóra, Örlygur, Stefanía Líf og Jökull Sindrason.

# Samræmd próf í 9. bekk 2021

Árlega taka nemendur í 9. bekk samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði. Síðustu árin hafa prófin verið tekin rafrænt. Stundum hefur tæknin aðeins verið að stríða okkur þar sem mikið álag er á tölvukerfum Menntamálastofnunar þegar allir nemendur hvers árgangs taka prófin á sama tíma. Þetta árið fór próftakan alveg úr böndunum því svo mikil vandræði voru í íslenskuprófinu sem var fyrst á dagskrá, að fresta þurfti hinum prófunum. Seinna var ákveðið að leggja prófin fyrir en eingöngu sem valmöguleika og máttu þá nemnemendur ráða hvort þeir tækju öll prófin, einstök próf eða einfaldlega sleppa því að taka þau. Niðurstaðan varð sú í Grundaskóla að um 18 nemendur völdu að taka prófin sem síðan fóru fram dagana 27.-29. apríl.

Menntamálastofnun hefur nú boðað gagngerar breytingar á fyrirkomulagi könnunarprófa og verður fróðlegt að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér í þeim efnum.







# Skólakórinn og Salka Sól

Skólakór Grundaskóla er skipaður nemendum úr annars vegar 3. og 4. bekk (yngri kór) og 5.-9. bekk (eldri kór). Kórstarfið í vetur hefur eins og flest annað verið litað af Covid heimsfaraldrinum og ýmsir fastir viðburðir fallið niður síðasta árið. Við höfum þó verið dugleg að búa okkur til skemmtilegar stundir og gaman að segja frá því að mjög lítið brottfall hefur verið úr hópnum þrátt fyrir ástandið.

Helsta verkefni vetrarins hefur verið undirbúningur fyrir tónleika með söngkonunni Sölku Sól. Þessir tónleikar hafa verið á dagskrá frá því vorið 2020, en við höfum ítrekað þurft að fresta þeim vegna samkomutakmarkana.



Í febrúar kom söngkonan í heimsókn til okkar og tókum við saman æfingu á lögunum fyrir tónleikana. Salka Sól var alveg frábær og gaf sér góðan tíma í að spjalla við krakkana og gefa eiginhandaráritanir. Það var svo 12. maí sem tónleikarnir langþráðu fóru loks fram í Tónbergi að viðstöddum fjölskyldum og vinum kórfélaga. Tónleikarnir tókust frábærlega vel og fóru bæði kórinn og Salka Sól á kostum og mikil gleði ríkti í hópnum. Það var Valgerður Jónsdóttir stjórnandi kórsins sem sá um stjórn og skipulag tónleikanna og Flosi Einarsson lék á píanóið.

### Reykjavíkurferð Skólakórsins

Föstudaginn 14. maí fóru félagar úr eldri hóp Skólakórsins okkar í vorferð til Reykjavíkur. Við byrjuðum á að heimsækja íbúa á dvalarheimili Hrafnistu í Laugarási og sungum fyrir þau úti í garði við heimilið. Kórinn fékk flottar móttökur og mikil ánægja var með heimsóknina. Svo gerðum við vel við okkur, fórum í ísbúð og bíó, en komum líka við hjá Sólfarinu við sjóinn og tókum eitt lag þar.



## Nýr deildarstjóri Frístundar

Magnea Guðlaugsdóttir hefur tekið við starfi deildarstjóra Grundasels frá og með 1. janúar 2021. Magnea er öllum hnútum kunnug í Grundaskóla en hún starfaði við skólann fyrir nokkrum árum. Hún er menntuð í tómstunda- og frístundafræðum og hefur starfað á þeim vettvangi bæði hér heima og erlendis. Við bjóðum þessa öflugu konu velkomna í Grundaskóla á ný og væntum mikils af samstarfinu.

# Öskudagurinn





























# Söngleikir á Spotify

Eins og margir vita hefur Grundaskóli sett upp frumsamda söngleiki á þriggja ára fresti frá árinu 2002. Tónlistin úr söngleikjunum hefur jafnframt komið út á geisladiskum. Nú erum við loksins búin að koma því í verk að setja tónlistina á Spotify þar sem hún er öllum aðgengileg.




# Stelpunámskeið

Í 6. bekk er tíu tíma stelpunámskeið þar sem áhersla er lögð á sjálfsmynd, samskipti og félagsfærni. Tímarnir eru byggðir upp á umræðum og verkefnum tengdum samskiptum og sjálfsstyrkingu í bland við ýmsa leiki. Allar stelpurnar í 6. bekk fóru í gegnum þetta námskeið hjá Aldísi Ylfu og Bertu í vetur og oft hafa umsjónarkennarar tekið strákana í sams konar verkefni.








# Útvarp Akranes

Útvarp Akranes var með öðruvísi sniði þetta árið hjá okkur. Undanfarið hafa nemendur í 5. bekk séð um dagskrána en að þessu sinni var hún í boði nemenda af öllum skólastigum. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Við nýttum tæknina og tókum allt efni upp í útvarpinu okkar hérna í Grundaskóla.




# Spurningakeppni á miðstiginu

Nemendur á miðstiginu eru alltaf að vinna í því að efla sig í lestri. Ein leið til þess er að taka þátt í lestrarkeppni sem allir bekkir á miðstiginu taka þátt í. Á vorin, áður en nemendur fara í sumarfrí, fá þeir upplýsingar um hvaða bækur verða lagðar til grundvallar í spurningakeppninni og því geta þeir nýtt sumarið til að lesa bækurnar. Þetta árið notfærðum við okkur tæknina og keppnin fór fram í gegnum Kahoot. Það var Snorri á bókasafninu sem stýrði henni með stakri prýði.

Úrslitin voru þau að nemendur í 7. EHÞ sigruðu eftir æsispennandi keppni við 6.CBR og 5.IH.




# Verðlaun UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, afhenti nemendum við Grundaskóla á Akranesi ávísun upp á 50.000 krónur sem skólinn hlaut í brenniboltaáskorun Hreyfiviku UMFÍ og Kristals í byrjun sumars í fyrra.



# Myndir úr skólastarfi













# *Úti er ævintýri*

## Söngleikur í 10. bekk

Eins og margoft hefur komið fram var margt óvenjulegt í skólastarfi Grundaskóla þetta skólaárið. Síðan 2003 hafa stórir söngleikir verið settir á svið á þriggja ára fresti af nemendum og starfsfólki Grundaskóla. Til stóð að setja upp söngleik þetta árið með sama hætti og tíðkast hefur en þar sem títtnefnd Covid farsótt herjaði á okkur var ekki mögulegt að blanda saman nemendum í unglingadeild og þaðan af síður vera með fjölmennar sýningar í Bíóhöllinni.



Engu að síður ákváðum við að setja upp söngleik með útskriftarnemendum í 10. bekk þannig að þeir myndu ekki missa alveg af söngleikjahefð okkar í Grundaskóla. Niðurstaðan var sú að þeir Einar Viðarsson og Gunnar Sturla Hervarsson settu saman söngleik sem byggði á tónlist, persónum og atburðum úr fyrri söngleikjum skólans.

Það er óhætt að segja að vel hafi tekist til og úr varð stórglæsileg og skemmtileg sýning sem hlaut nafnið ***Úti er ævintýri***. Söngleikurinn var sýndur á lokadögum skólaársins en var eingöngu í boði



fyrir nemendur skólans og foreldra og aðstandendur 10. bekkinga.

Það er gaman að sjá hvað margir nemendur ná að blómstra í verkefnum sem þessum og frábært að sjá hvernig nemendur í 10. bekk slógu í gegn í leiklist, söng, hljóðfæraleik, förðun, hárgreiðslu og ýmsu öðru sem féll til við uppsetningu á ***Úti er ævintýri.***

*Til hamingju 10. bekkur.*





***1. GB***
*Efri röð frá vinstri:*
*Ernir Ingi Þorleifsson, Ísabella Andradóttir, Una Guðrún Jónmundsdóttir, Ingibjörg Rósa Haraldsdóttir, Guðrún Bjarney Gunnarsdóttir, Sigmar Orri Halldórsson, Leó Þór Gunnarsson, Gunnar Logi Guðmundsson, Athena Lind Káradóttir, Valur Heiðar Gíslason og Orri Freyr Ingason*
*Neðri röð frá vinstri:*
*Gunnhildur Björnsdóttir, Björn Elí Ármannsson, Þórdís Katla Gísladóttir, Kolbeinn Orri Ívarsson, Carmen Elena Melgar Rada, Aldís Lilja Sigurðardóttir, Björk Karenardóttir, Marinó Myrkvi Antonsson, Áki Jónsson og Sölvi Freyr Andrason.*

***1. LSH***
*Efri röð frá vinstri:*
*Heiðmar Jóhannsson, Óliver Bersi Kragh, Kristrún Sara Hrafnsdóttir, Rúna Björk Ingvarsdóttir, Lovísa Hrund Ásgeirsdóttir, Hafdís Myrra Hafþórsdóttir, Védís Vala Magnúsdóttir, Þorri Kristján Jónsson, Theodór Gunnarsson Schumacher, Ólafur Snær Arnórsson, Áróra Líf Guðmundsdóttir og Baltasar Mar Andrason.*
*Neðri röð frá vinstri:*
*Aldís Eva Steinþórsdóttir, Lilja Sigríður Hjaltadóttir, Bjarki Styrmisson Arnór Darri Halldórsson, Jón Örn Jónsson, Erin Ólafsdóttir, Júlía Dís Aronsdóttir, Sóley Rán Ólafsdóttir, Wioletta Taroni, Íris Elín Hjaltadóttir, Dagur Kári Einarsson og Guðlaug Margrét Sverrisdóttir.*





***1. SRR***
*Efri röð frá vinstri:*
*Ingi Valur Guðjónsson, Saga Mjöll Einarsdóttir, Gabríel Freyr Sveinsson, Skorri Birnir Heiðarsson, Máni Freyr Bernódusson, Viktor Andri Sigurðsson, Ísleifur Örnólfsson, Freyja Pöll Kristjánsdóttir, Ólafía Jóhannesdóttir, Hanna Sólrún Eggertsdóttir, Alejandro Bootello, Guðrún Bergmann Ármannsdóttir, Ingólfur Thor Ottesen.*

*Neðri röð frá vinstri:*
*Sigurbjörg R. Ragnarsdóttir, Arnfinnur Sölvi Ársælsson, Jóhann Þór Mishchuk, Ísold Lílý Daníelsdóttir, Amelía Rós Pétursdóttir, Melkorka Þórey Árnadóttir, Alexandra Mjöll Arnardóttir, Lea Rós da Silva, Hekla Karen Guðmundsdóttir, Emma Hjálmsdóttir, Kristbjörg Árný Ólafsdóttir*



**2. KVH**

*Aftasta röð frá vinstri:*
*Viktor Ísak Ólafsson, Jón Darri Elvarsson, Kristófer Guðjónsson, Ívar Bæring Samúelsson, Fylkir Orrason, Haukur Andri Jónsson, Unnar Neisti Jökulsson og Auður Elísabet Baldursdóttir (stuðningsfulltrúi).*
*Miðjuröð frá vinstri:*
*Katrín Valdís Hjartardóttir (umsjónarkennari), Iðunn Ísis Árnadóttir, Thelma Rún Hlinadóttir, Inga María Brynjarsdóttir, Mía Vattar Steinólfsdóttir, Lena Kluziak og Helga Katrín Maronsdóttir.*
*Neðsta röð frá vinstri:*
*Almar Berg Ottesen, Katrín Lilja Unnarsdóttir, Kristín Birta Skarphéðinsdóttir, Þórdís Embla Guðjónsdóttir og Helena María Eggertsdóttir.*
*Á myndina vantar Ares Frey Reynisson og Friðmey Dögg Benediktsdóttur.*

**2. LDV**

*Aftari röð frá vinstri:*
*Kári Fannar Hannibalsson, Eyþór Allansson, Patrekur Smári Mánason, Sigurður Kári Halldórsson, Erik Óli Jóhannsson, Grétar Mar Steinólfsson, Þorbjörn Máni Steinólfsson, Hafsteinn Orri Gunnarsson, Rúnar Geir Árnason, Anthony Þór Jaramillo, Lára Dóra Valdimarsdóttir umsjónarkennari.*
*Fremri röð frá vinstri:*
*Malín Káradóttir, Harpa Dögg R. Höskuldsdóttir, Arndís Inga Bjarnadóttir, Katrín Rós Fannarsdóttir, Stella Harriet Hay, Indíana Alba Mýrdal, Aldís Emilía Magnúsdóttir, Sigurbjörg Vaka Vigfúsdóttir, Margrét Lilja Guðjónsdóttir, Tinna Guðrún Aðalsteinsdóttir, Birta Þyrí Jónsdóttir, Sjana María Ragnarsdóttir, Heiður Davíðsdóttir.*





**2. VV**

*Efri röð frá vinstri:*
*Valgerður Valsdóttir, Samúel Ísak Valdimarsson, Ólafur Hrafn Taroni, Wiktoria Kuptel, Agnes Ásthildur Ásgeirsdóttir, Emelía Karen Björnsdóttir, Fanney Dís Snæland Birgisdóttir,Kristján Ingi Sigurbjörnsson, Elva Kristín Pétursdóttir, Ragnheiður Þórðardóttir.*
*Neðri röð frá vinstri:*
*Aron Emil Óskarsson, Ólafur Máni Ágústsson, Oskar Janiszewski, Kristófer Ingi Aronsson, Agla Valdís Guðlaugsdóttir, Elísabet María Ringsted Gunnarsdóttir, Ástrós Tara Ásþórsdóttir, Laufey Svanbergsdóttir, Engilbert Arnar Ársælsson.*



**3. ÁDO**
*Aftasta röð frá vinstri:*
*Árdís Dögg Orradóttir, Davíð Leó Bjarnason, Petra Kristín Baldvinsdóttir, Dísella Ósk Þorsteinsdóttir, Sunna Karen Ingvarsdóttir, Anna Rósa Ársælsdóttir, Jóhannes Kári Jóhannesson, Halldóra Erla Þorvaldsdóttir, Ásgerður Svana Alexandersdóttir, Víkingur Thor Ellertsson, Elmar Snorrason.*
*Miðjuröð:*
*Ernir Kristvinsson, Valgerður Ósk Ólafsdóttir, Mangirdas Moliusis, Viktoría Líf Þorsteinsdóttir, Karen Ylfa Róbertsdóttir, Ína Karen Vigfúsdóttir, Heiða Björk Sævarsdóttir, Sigríður Margrét Reynisdóttir.*
*Fremsta röð:*
*Alexandra María Ólafsdóttir, Ísólfur Keran Árnason, Björn Atli Ásbjörnsson, Emilía Ingibjörg Valmundsdóttir og Elektra Lind Káradóttir.*

**3. KB**
*Aftasta röð frá vinstri:*
*Davíð Stefánsson, Camilla Ýr Guðmundsdóttir, Hekla Björk Aronsdóttir, Anna Daníelsdóttir, Agnar Ingi Godson Anuforo, Marinó Heiðar Guðlaugsson, Arnar Óli Sigurjónsson, Þórður Páll Sölvason, Fannar Þór Hannesson, Reynard Henry Owusu Darkoh, Egill Þór Alfreðsson, Karen Eva Sigurðardóttir, Steinunn Dögg Ólafsdóttir*
*Miðjuröð frá vinstri:*
*Unnur Valdís Lúðvíksdóttir, Vigdís Bríet Ingibjörnsdóttir, Fríða Maren Guðmundsdóttir, Brynja Líf Sölvadóttir, Sara Sesselja Sveinbjörnsdóttir.*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Ólafur Dór Bjarkason, Kristín Anna Guðmundsdóttir, Markús Atli Þráinsson, Hallur Hrafn Oddsson.*





**3. MRJ**
*Aftasta röð frá vinstri:*
*Hilmar Erik Héðinsson, Birkir Andri Áskelsson, Elías Ibsen Friðþórsson, Aðalsteinn Bói Sturluson.*
*Miðjuröð frá vinstri:*
*Alexander Ingi Aronsson, Gunnar Kári Hjaltason, Daði Rafn Reynisson, Adila Ýr Iman Mwinyi, Maren Erla Almarsdóttir, Aron Bergmann Valtýsson, Viktoría Ósk Steinarsdóttir, Maren Lind Arnardóttir, Eydís Björt Steinólfsdóttir, Sigurður Már Sigurjónsson.*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Ísarr Myrkvi Runólfsson, Katrín Eir Jónsdóttir, Unnur Katrín Guðmundsdóttir, Guðrún Salka Hróðmarsdóttir, Hekla Agnarsdóttir, Íris Lilja Jóhannesdóttir, Karítas Lilja Stefánsdóttir, Katla Agnarsdóttir, Fríða Snorradóttir, Margrét Rós Jósefsdóttir umsjónarkennari.*



*4. EK*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Gilbert Leó Linduson, Einar Orri Brandsson, Ethan Agnar Watt, Guðmundur Bjarni Eðvarðsson, Dagbjört Ósk Valdimarsdóttir, Hera Ósk Ásgeirsdóttir, Alexander Janiszewski, Guðbjartur Hinrik Helgason, Eygló Karlsdóttir (kennari).*
*Miðröð frá vinstri:*
*Mikael Smári Davíðsson, Pétur Steinn Gunnarsson, Halldór Emil Unnarsson, Smári Njálsson, Breki Þór Ellertsson, Freyja Caitlin Kelly, Hafrún Alla Gunnarsdóttir, Inga Lind Guðbergsdóttir.*
*Efsta röð frá vinstri:*
*Viktor Logi Björnsson, Katrín Sara Hay, Jóhanna Ingadóttir, Ólöf Oddný Jansen, Natalie Pála Einarsdóttir, Selma Sigurðardóttir, Sara María Sigurðardóttir, Dominyka Mazurovic, Kolbeinn Goði Kolbeinsson.*

*4. KÓG*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Ninja Sóley Orradóttir, Ása Lovísa Jakobsdóttir, Eva Hrönn Ásgeirsdóttir, Álfheiður Magnúsdóttir, Lilja Sól Ástþórsdóttir, Egill Fannar Andrason, Stefán Huginn Ásgeirsson, Alex Leó Valgeirsson, Úlfar Orri Sigurjónsson.*
*Miðjuröð frá vinstri:*
*Arndís Ling Sverrisdóttir, Elva Einarsdóttir, Guðrún Klara Fannarsdóttir, Elísa Gunnarsdóttir, Dagný Lára Ottesen, Röskva Líf Þórisdóttir, Karen Ósk Guðlaugsdóttir (kennari), Guðmundur Svavar Smárason.*
*Efsta röð frá vinstri:*
*Sóldögg Rún Ástþórsdóttir, Stefán Indriði Ragnarsson, Daníel Rafnar Þórólfsson, Davíð Logi Atlason, Jóhann Lár Hannesson, Dagný Allansdóttir, Drífa Katrín Finnsdóttir, Hafdís Ósk Sigurþórsdóttir.*





*4. SBK*
*Fremsta röð frá vinstri*
*Hafsteinn Þór Guðmundsson, Kristian Stefán Ásrúnarson, Viktor Hugi Sigurgeirsson, Tristan Reyr Almarsson, Jörundur Óli Arnarson, Guðjón Valur Jónmundsson.*
*Önnur röð frá vinstri*
*Halldór Óli Hrannarsson, Berglind Eldey Ólafsdóttir, Linda María Líndal, Jófríður Jara Sturludóttir, Maren Rún Jónsdóttir, Óskar Veigar Maronson.*
*Þriðja röð frá vinstri*
*Benjamín Örn Meyer, Tinna María Sindradóttir, Regína Rún Hauksdóttir, Hekla María Davíðsdóttir, Daníel Ágúst Sveinungsson, Daníel Árni Ottesen, Styrmir Líndal Gíslason.*
*Aftasta röð frá vinstri*
*Sigríður Björk Kristinsdóittir, Stefanía Rakel Engilbertsdóttir, Hugrún Kristjánsdóttir, Sigurveig Sara Elvarsdóttir, Nadia Kluziak, Borghildur Jósúadóttir.*
*Á myndina vantar Brynju Maríu Baldvinsdóttur.*



*5. HJ*
*Efsta röð frá vinstri:*
*Soffía Ómarsdóttir stuðningsfulltrúi, Emil Karl Jóhannesson, Albert Hrafn Lúðvíksson, Jökull Stefnisson, Styrmir Gíslason, Bergur Ernir Karlsson, Helga Dóra Einarsdóttir, Julia Von Káradóttir, Karítas Ósk Bjarnadóttir.*
*Miðjuröð frá vinstri:*
*Jökull Sindrason, Birkir Hrafn Theodórsson, Theodór Smári Þorsteinsson, Dagur Óli Ragnarsson, Patrekur Emil Mýrdal, Erik Vilhelm Hlinason, Oliver Leví Sverrisson, Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Jónsdóttir umsjónarkennari.*
*Neðsta röð frá vinstri:*
*Tinna Rós Eyfjörð Hólmarsdóttir, Ásdís Hekla Kristjánsdóttir, Stefanía Líf Viðarsdóttir, Bríet Inga Pétursdóttir, Kristín Sjöfn Ómarsdóttir, Dóra Valdís Arilíusdóttir, Heiðdís Tinna Daðadóttir, Gabríela Mist Valgeirsdóttir.*

*5. IH*
*Efsta röð frá vinstri:*
*Páll Snorrason, Sigríður Sól Newton, Ingibjörg Einarsdóttir, Elín Sara Skarphéðinsdóttir, Lena Björk Bjarkadóttir, Erna Guðrún Jónsdóttir, Alma Hlín Ingimarsdóttir, Eymar Ágúst Eymarsson.*
*Miðröð frá vinstri:*
*Ármann Marvin Sigurðsson, Maron Kárason, Róbert Kári Örnólfsson, Heiðrún Ása Þráinsdóttir, ElisaValdis Elíasdóttir, Katrín Ósk Guðmundsdóttir, Maren Unnur Magnúsdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir kennari.*
*Neðsta röð frá vinstri:*
*Iwo Szymon Gorajewski, Heimir Leó Unnarsson, Rokas Bistrickas, Birgir Viktor Kristinsson, Andri Snorrason, Vala Rún Hrannarsdóttir, Heiðar Breki Héðinsson.*





*5. LJ*
*Efsta röð frá vinstri:*
*Orri Þór Jónsson, Björn Leó Aronsson, Rúnar Már Jónasson.*
*Miðjuröð frá vinstri:*
*Laufey Jóhannsdóttir, Pétur Geir Gíslason, Sigurbjörg Heiða Ívarsdóttir, Aníta Rut Andradóttir, Elsa Dís Hjaltadóttir, Hekla Dís Hilmarsdóttir, Emilía Snjólfsdóttir, Aron Kristinn Zumbergs.*
*Neðsta röð frá vinstri:*
*Árný Lea Grímsdóttir, Þóra Guðmundsdóttir, Nadía Steinunn Elíasdóttir, Lilja Fanney Ársælsdóttir, Naómí Líf Sölvadóttir, Aron Gabriel Bermann Mikaelsson, Örlygur Hrafn Stefánsson, Hallur Sigurjónsson, Leó Þór Árnason.*
*Á myndina vantar: Helgi Guðsteinn Reynisson, Matthías Máni Bjarnason, Elmar Gísli Ólafsson.*



**6.-CBRC**
*Fremsta röð frá vinstri :*
*Lena Sesselja Wiesztal, Írena Rut Mareksdóttir Binkowska, Viktoría Halldórsdóttir, Telma Kristín Ingvarsdóttir, Eva Þóra Sigurjónsdóttir, Aldís Karen Stefánsdóttir, Karen Líf Viðarsdóttir.*
*Miðröð:*
*Davíð Leó Hafþórsson, Guðbrandur Snær Valgeirsson, Alexander Almarsson, Róbert Leó Steinþórsson, Þorsteinn Dagur Newton, Daníel Mar Andrason*
*Aftasta röð:*
*Christel Björg Rudolfsdóttir Clothier (umsjónarkennari) Enok Logi Ásgeirsson, Ari Úlrik Hannibalsson, Ívar Wesley Baldursson, Alexander Fijal, Jónas Laxdal Aðalgeirsson, Hreinn Bergmann Sigurðsson*

**6. EÞS**
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Maksymilian Marek Zak, Þorgerður Sörudóttir, Margrét Magnúsdóttir, Ester Guðrún Sigurðardóttir, Katrín Lára Sveinbjörnsdóttir, Jón Auðunn Jónsson, Ari Styrmir Almarsson, Sindri Leó Róbertsson, Aldís Ylfa Heimisdóttir (stuðningsfulltrúi)*
*Miðröð:*
*Elías Marvin Ingólfsson, Jacob Hanna, Anna Lísa Axelsdóttir, Rakel Irma Aðalsteinsdóttir, Karina Mazurovic, Ása Brynja Fannarsdóttir, Elísa Ruth Guðmannsdóttir, Arnór Breki Guðjónsson,*
*Aftasta röð:*
*Nói Andersen Valdimarsson, Natan Dagur Berndsen, Fjalar Þórir Óttarsson, Victor Máni Ólafsson, Viktoría Thelma Ólafsdóttir, Judite Guðbjörg da Silva, Lovísa Liljudóttir Daðadóttir, Katrín Ósk Sigurdórsdóttir (stuðningsfulltrúi)*
*Aftast:*
*Elís Þór Sigurðsson (umsjónarkennari)*





**6. VH**
*Efsta röð frá vinstri:*
*Viktor Gaciarski, Christian Sturri Watt, Elín Anna Viktorsdóttir, Samúel Örn Ólafsson, Tinna Björg Jónsdóttir og Marta Sóley Helgadóttir.*
*Næst efsta röð frá vinstri:*
*Gunnar Heimir Ragnarsson, Ísak Theodor Eidem, Hrafnhildur Helga Arnardóttir, Aþena Líf Vilhjálmsdóttir, Aldís Ingibjörg Ísólfsdóttir og Embla Kristín Guðmundsdóttir.*
*Næst neðsta röð frá vinstri:*
*Theodor Orri Arilíusson, Atli Freyr Bjarnason, Daníel Guðjónsson, Svava Guðfinna Ingvarsdóttir, Viktoría Vala Hrafnsdóttir og Linda Kristey Gunnarsdóttir.*
*Neðsta röð frá vinstri: Guðrún Eiríksdóttir stuðningsfulltrúi, Jóhann Máni Ástþórsson, Gabríel Cieslak, Hilmar Oddur Arnórsson, Jóhanna Vilborg Guðmundsdóttir, Helena Ósk Somlata Einarsdóttir, Nojus Vilimas, Sigurður Kai Jóhannsson og Vilborg Helgadóttir umsjónarkennari.*



**7. EHÞ**
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Birkir Dagur Vignisson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jóhannes Már Daníelsson, Sveinn Þór Elinbergsson, Ísak Davíð Þórðarson, Sigurður Brynjarsson, Elísabet Fróðný Eiríksdóttir og Carla Sofia stuðningsfulltrúi.*
*Miðröð frá vinstri:*
*Aron Óttar Bergþórsson, Tinna Pálsdóttir, Aldís Lilja Viðarsdóttir, Ásrún Jónsdóttir, Aldís Ösp Elvarsdóttir, Kara Líf Traustadóttir, Sara Dís Óskarsdóttir og Guðjón Hagalín Kristjánsson.*
*Aftasta röð frá vinstri:*
*Ísleifur Sturlaugsson, Benedikt Víkingur Rúnarsson, María Erla Björnsdóttir, Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Guðrún Ágústa Káradóttir, Ronja Vala S. Gísladóttir og Eyrún Helga Þorleifsdóttir umsjónarkennari.*
*Á myndina vantar: Árna Daníel Grétarsson.*

**7. KÓ**
*Efsta röð frá vinstri:*
*Adam Agnarsson, Bjarki Berg Reynisson, Birkir Hrafn Samúelsson, Eysteinn Orri Valdimarsson, Magnús Orri Ólafsson.*
*Næst efsta röð frá vinstri:*
*Guðmundur Hrafnkell Daðason, Arnar Gunnarsson, Jón Þór Finnbogason, Jökull Viktor Jakobsson, Emilía Kristín Guðjónsdóttir, Elín Birna Ármannsdóttir, Karitas Ósk Ólafsdóttir.*
*Næst neðsta röð frá vinstri:*
*Tryggvi Rafn Ingimarsson, Aðalheiður Lára Guðlaugsdóttir, Júlía Einarsdóttir, Aldís Ósk Arnardóttir, Vala María Sturludóttir, Sunna Rún Sigurðardóttir, Þórkatla Þyrí Sturludóttir.*
*Neðsta röð frá vinstri:*
*Ása Katrín Harðardóttir, Birta Maren Kristjánsdóttir, Ásrún Silja Andradóttir, Helena Hrönn Baldvinsdóttir, Vigdís Birna Arnþórsdóttir.*





**7. SÓ**
*Efsta röð frá vinstri:*
*Ísak Logi Jónasson, Arnar Páll Sigmarsson, Ívan Þór Reynisson, Karl Magnús Kristjánsson, Julia Kapinska, Julia Michalek , Arnar Már Garðarson.*
*Miðröð frá vinstri:*
*Kennari: Sigríður G. Ólafsdóttir, Nökkvi Snorrason, Edda Ósk Sigfúsdóttir, Jenný Lind Hannesdóttir, Lilja Sól Bjarnadóttir, Silvía Björg Einarsdóttir, Sunna Dís Skarphéðinsdóttir.*
*Neðsta röð frá vinstri:*
*Valdís Ramundt Kristinsdóttir, Saga Dís Davíðsdóttir, Anna Málfríður Ottesen, Aldís María Smáradóttir Ívar Orri Sigurðarson, Styrmir Jóhann Ellertsson, Sævar Hrafn Sævarsson.*




**8. AYP**
*Efri röð frá vinstri:*
*Katrín Lára Kristinsdóttir, Jóhanna Dagný Óskarsdóttir, Ísabella Ada Ívarsdóttir, Íris Embla Andradóttir, Aron Ýmir Pétursson, Ísólfur Darri Rúnarsson, Marinó Ísak Dagsson, Ingþór Snjólfsson, Hringur Logi Sigurbjörnsson, Erik Heiðar Guðbergsson.*
*Neðri röð frá vinstri:*
*Álfrún Embla Hrannarsdóttir, Freyja Sif Eiríksdóttir, Elísa Nótt Ingadóttir, Hákon Freyr Guðmundsson, Hulda Þórunn Ellertsdóttir, Guðbrandur Ingi Guðjónsson, Ísabella Ýr Pétursdóttir, Mikael Aron Reynisson, Daniel Ingi Jóhannesson, Kristian Mar Andrason, Dagur Kári Kristinsson.*

**8. IS**
*Efri röð frá vinstri:*
*Morten Ottesen, Rannveig María Gísladóttir, Snorri Óttarsson, Víkingur Birnuson, Íris Arna Ingvarsdóttir, Arna Karen Gísladóttir, Birgir Örn Jónasson,*
*Neðri röð frá vinstri:*
*Ingibjörg Stefánsdóttir, Björgvin Þór Helgason, Askur Björn Líndal Þrastarson,Sara Ósk Eyfjörð Hólmarsdóttir, Díana Ósk Víðisdóttir, Eydís Glóð Guðlaugsdóttir, Guðjón Ívar Granz, Sverrir Elí Guðnason, Áslaug Berta Guttormsdóttir.*





**8. LG**
*Efri röð frá vinstri: Hilmar Veigar Ágústsson, Sævar Þór Eggertsson, Guðmundur Andri Björnsson, Máni Berg Ellertsson, Bragi Friðrik Bjarnason, Ólafur Isaac Baldursson, Fannar Atli Victorsson, Hartmann Bjartur Ólafsson, Logi Daðason, Ágúst Óðinn Ásgeirsson*
*Miðröð frá vinstri:*
*María Ósk Ásgeirsdóttir, Fura Claxton, Margrét Elva Fjölnisdóttir, Marta María Baldursdóttir, Líf Hjálmsdóttir, Hugrún Stefnisdóttir, Matthea Kristín Watt, Kolfinna Eir Jónsdóttir, Andri Eyfjörð Unnarsson, Lilja Guðmundsdóttir*
*Neðsta röðin:*
*Elvar Ísak Jessen, Magnús Ingi Sturluson.*




**9. EV**
*Efsta röð frá vinstri:*
*Nökkvi Snorrason, Einar Viðarsson (kennari), Mateusz Kuptel, Bjarni Snær Skarphéðinsson, Hjörtur Hrafnsson og Hlynur Örn Einarsson.*
*Miðröð frá vinstri:*
*Benedikt Ísar Björgvinsson, Anna María Sigurðardóttir, Nína Guðlaug Rúnarsdóttir, Elvar Logi Guðjónsson, Valdís Harpa Reynisdóttir og Ragnar Páll Aðalsteinsson.*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Rakel Sif Stefánsdóttir, Demi van den Berg, Birta Marín Benediktsdóttir, Hugrún Erla Arnarsdóttir og Kristrún Lilja Ragnarsdóttir*
*Á myndina vantar:*
*Alexandra Erla Hlynsdóttiir Pedersen, Ásdís Erlingsdóttir, Bergþóra Edda Grétarsdóttir, Ester Eir Heimisdóttir, Hrannar Þór Svansson og Rúnar Breki Óskarsson.*

**9. JÞE**
*Efsta röð frá vinstri:*
*Viktor Örn Einarsson, Kristófer Aron Sigurjónsson, Bjartur Ólafur Eyþórsson, Jóhann Þór Eiríksson (kennari), Gunnar Smári Sigurjónsson, Tómas Týr Tómasson og Sindri Snær Ásgeirsson.*
*Miðröð frá vinstri:*
*Arnbjörn Ingi Grétarsson, Konrad Gorajewski, Aníta Ósk Pétursdóttir, Arina Pecorina, Gunnfríður Rakel Hannesdóttir, Ragnar Kristinn Guðjónsson, Ninja Sigmundsdóttir og Alda Arunardóttir*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Haukur Leó Sigurðsson, Sylvía Þórðardóttir, Sara María Ármannsdóttir, Magnea Sindradóttir, Gígja Kristný Stefánsdóttir og Katrín Þóra Þórðardóttir.*
*Á myndina vantar:*
*Helga Rós Ingimarsdóttir.*






**9. VLJ**
*Efsta röð frá vinstri:*
*Valgarður Lyngdal Jónsson (kennari), Balthasar Alexandersson Eck, Ellert Kári Samúelsson, Felix Heiðar Magnason, Viktor Daði Eggertsson, Tristan Freyr Traustason og Elvar Daði Gíslason.*
*Miðröð frá vinstri:*
*Aron Benedikt Birgittuson, Viðar Sigurþórsson, Rúnar Sigurðsson, Kristján Andri Valmundsson, Salka Hrafns Elvarsdóttir, Lilja Björk Unnarsdóttir, Birna Rún Þórólfsdóttir og Karen Káradóttir,*
*Fremsta röð frá vinstri:*
*Gabríel Llorens Einarsson, Heiður Sara Arnardóttir, Andrea Ósk Pétursdóttir, Sara Pálsdóttir, Karen Þorgrímsdóttir og Líf Ramundt Kristinsdóttir.*
*Á myndina vantar: Daði Snær Viktorsson.*




***10. BÞ***
*Efsta röð frá vinstri:*
*Logi Mar Hjaltested, Þórður Freyr Jónsson, Nikulás Mýrdal Sigurðsson, Daði Freyr Gunnarsson, Jóel Duranona, Jóel Þór Jóhannesson, Elsa Maren Steinarsdóttir, Nói Claxton og Þórður Ingi Hjaltason*
*Miðröð frá vinstri:*
*Berglind Þráinsdóttir umsjónarkennari, Kári Kristvinsson, Elvira Agla Gunnarsdóttir, Rakel Ýr Granz, Hektor Bergmann Garðarsson, Victoria Þórey Þórðardóttir, Katrín María Ómarsdóttir og Almar Kári Ásgeirsson*
*Neðsta röð frá vinstri:*
*Gylfi Kristinn Garðarsson, Baldur Bent Vattar Oddsson, Ólafur Bjarki Stefánsson, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Sigrún Egla Unnarsdóttir, Unnur Ósk Ragnarsdóttir og Sigrún Dóra Jónsdóttir.*

***10. ÍA***
*Efsta röð:*
*Jörgen Mikael Jörgensson, Guðmundur Skarphéðinn Gíslason, Kolbeinn Tumi Sveinsson, Júlíus Duranona, Daði Már Alfreðsson, Alex Tristan Sigurjónsson, Dagur Karl Líndal Þrastarson*
*Miðjuröð:*
*Íris Aðalsteinsdóttir, Óðinn Máni Gunnarsson, Pétur Óliver Einarsson, Amíra Þöll Manuel, Rósa Kristín Hafsteinsdóttir, Nína Dögg Hilmarsdóttir, Elísabet María Jóhannsdóttir, Hafrún Tinna Hafsteinsdóttir, Berglind Huld Victorsdóttir*
*Neðsta röð:*
*Birkir Atli Brynjarsson, Hjalti Rafn Kristjánsson, Íris Rakel Aðalsteinsdóttir, Málfríður Júlía Ingvarsdóttir, Katrín Fjóla Ásgeirsdóttir, Rakel Katrín Sindradóttir.*






***10. URÁ***
*Efsta röð:*
*Sigurjón Jósef Magnússon, Baldur Freyr Birgisson, Daníel Breki Bjarkason, Ylfa Laxdal Unnarsdóttir, Birkir Halldórsson, Gísli Freyr Þorsteinsson, Gísli Fannar Ottesen, Tristan Sölvi Jóhannsson.*
*Miðjuröð:*
*Daniel Prizginas, Krista Björt Huldudóttir, Gyða Alexandersdóttir, Óskar Gísli Búason, Pálmi Rúnar Ísólfsson, Arnar Gaui Björnsson, Ursula Ragna Ásgrímsdóttir umsjónarkennari.*
*Fremri röð:*
*Arnar Freyr Brynjólfsson, Þorgerður Alma Guðmundsdóttir, Björk Davíðsdóttir, Ragna Sól Karlsdóttir, Thelma Björg Rafnkelsdóttir, Haukur Haraldsson, Ýmir Hjálmsson.*



# Weduc

## *Nýtt samskiptakerfi í Grundaskóla*

Eftir áratugasamstarf við Mentor ákváðum við í Grundaskóla að taka upp nýtt samskipta- og námsmatskerfi sem varð að raunveruleika haustið 2020. Markmiðið með breytingunum var að bjóða upp á betra og markvissara upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla. Weduc er breskt fyrirtæki og því var það talsverð áskorun fyrir okkur að taka þetta kerfi upp þar sem við þurftum að þýða allt yfir á íslensku auk þess sem nokkra hluti þurfti að laga að íslenskum aðstæðum. Þetta hefur tekið sinn tíma og starfsfólk jafnt sem foreldrar og nemendur, eru smátt og smátt að læra á þetta nýja fyrirkomulag.

Markmiðið var einnig að breyta námsmati skólans á þann hátt að framsetning væri skýrari og fjölbreyttari og á þessu skólaári höfum við unnið að þeim breytingum hörðum höndum.

Að okkar mati hefur þessi breyting tekist mjög vel þar sem upplýsingaflæði á milli skóla og heimilis hefur stórbatnað auk þess sem fjölbreyttir möguleikar hafa bæst við heildarmyndina. Nú getum við á öruggan hátt birt fréttir, myndir og myndbönd úr skólastarfinu sem gefur foreldrum enn betra tækifæri til að fylgjast með framgangi nemenda í daglegu skólastarfi.

Ýmissa nýjunga er einnig að vænta í nánustu framtíð og bindum við miklar vonir við áframhaldandi notkun og þróun á Weduc með velferð nemenda okkar að leiðarljósi.



# Vorskólinn

Verðandi 1. bekkingar komu í vorskólann í mars í þrjá daga. Nemendum var skipt upp í litla hópa og fengu að kynnast skólastarfinu á þann hátt. Nestistími og útivera voru auðvitað á sínum stað. Frístund tók einnig á móti hópum.

Á sama tíma fóru 1. bekkingar í heimsóknir í leikskólana sem þau voru í þegar þau voru yngri. Þessir vordagar eru mikilvægur undirbúningur fyrir grunnskólagöngu barnanna.













Grundaskóli
Akranesi